

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 294

febrúar 2016



We Serve

Febrúar 2016. Blað nr. 294
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdammi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs
International, gefið út í umboði
alþjóðastjórnar Lions á tuttugu
tungumálum: Dönsku, ensku,
farsí, finnsku, flæmsku,
frönsku, grísku, hollensku, íslensku,
ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku,
norsku, portúgölsku,
spænsku, sænsku, tælensku, tyrk

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109. Tímariðið Lion kemur
út sex sinnum á ári.

Lionsskrifstofan, Sóltúni 20, 105
Reykjavík er opin alla virka daga frá
kl. 09.00 til 14.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrifstofustjóri: Kolfinna
Guðmundsdóttir.



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2015 – 2016
Fjölumdamisstjóri: Guðmundur Helgi
Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn
Umdæmisstjóri 109A: Jón Pálmason,
Lkl. Viðarri.
Umdæmisstjóri 109B: Stefán Árnason,
Lkl. Vitaðsgjafi.
Fjölumdamisritari: Kristín
Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Fjölumdamisgjaldkeri: Guðmundur
Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumdamisstjóri: Tryggvi
Kristjánsson Lkl. Dalvíkur.
Vara fjölumdamisstjóri: Árni
Brynjólfur Hjaltason Lkl. Njarðvíkur
Protokol- og þingsstjóri og NSR
Coordinator: Kristinn Hannesson,
Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Árni Viðar
Friðriksson, Lkl. Hængur.

Kynningarstjóri: Benjamín Jósefsson,
Lkl. Akraness.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson,
Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl.
Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur
Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór
Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og
leiðtogaþjálfun): Halldór
Kristjánsson,
Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsl og fjölgun):
Guðrún Helga Össurardóttir, Lkl.
Seylu.
GMT/konur í Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
NSR-AU nefndarmaður/
Lestarátaksstjóri: Hrunn Hjaltadóttir,
Lkl. Fold.
Félagastjóri: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl.
Embla
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni
Þorsteinsson fyrrv.
alþjóðastjórnarmaður, Lkl.
Mosfellsbæjar.
Hjálparstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl.
Seltjarnarness.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís
Þorsteinsdóttir, Lkl. Aesa.
Ungmennaverkefnastjóri: Anna
Kolbrún Árnadóttir, Lkl. Ylfa.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnar
maður:
Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl.
Mosfellsbæjar.
Afmælisnefnd Lions: Guðrún Björt
Yngvadóttir, Lkl. Eik
MedicAlert stjóri: Lúðvík Andreasson,
Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir,
Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar. Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Laganefnd (form.): Kristinn
Kristjánsson, Lkl. Hveragerði
Lions Quest stjóri: Magnús J.
Magnússon, Lkl. Selfoss.
Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur
Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Skoðunarmaður (aðal): Daníel
Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.
Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
Varaumdæmisstjóri 109A: Gunnar
Vilbergsson, Lkl. Grindavíkur.
Varaumdæmisstjóri 109B: Björg Bára
Halldórsdóttir, Lkl. Rán.



Fjölumdamisstjóri ásamt umdæmisstjórum.

Varaumdæmisstjóri (annar) 109A:
Sveinn Ingi Lýðsson, Lkl. Álftanes.
Varaumdæmisstjóri (annar) 109B: Björn
Guðmundsson, Lkl. Hæng.

Framkvæmdastjóri
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:
International President: Dr. Jitsuhiro
Yamada Japan
Immediate Past President: Joseph
Preston USA
First Vice President: Robert E. Corlew
USA
Second Vice President: Naresh
Aggarwal Inland

First Year Directors
Melvin K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard Hudson,
Sanjay Khetan,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
Bill Phillippi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick "Rod" Wright,
Katsuyuki Yasui.

Second Year Directors:
Svein Øystein Bertsten,
Jorge Andrés Bortolozzi,
Eric R. Carter
Charlie Chan,

Jack Epperson,
Edward Farrington,
Karla N. Harris
Robert S. Littlefield, Ph.D.
Ratnaswamy Murugan,
Yoshinori Nishikawa,
George Th. Papas,
Jouko Ruissalo,
N.S. Sankar,
A.D. Don Shove,
Kembra L. Smith
Dr. Joong –Ho Son
Linda L. Tincher
Fábio de Almeida,
Lawrence A. „Larry“ Dicus
Roberto Fresia
Alexis Vincent Gomés
Chynthia B. Gregg,
Byung-Gi Kim
Ester LaMothe
Yves Léveillé
Teresa Mann
Raju V. Manwani
William A. McKinney
Michael Edward Molenda
John Pettis, Jr.
Robert Kettby,
Emine Oya Sebük
Hidenori Shimizu
Dr. Steven Tremaroli

Upplag: 2400 eintök – Pökkun og
dreifing: Lionsklúbburinn Fjörgyn

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Börn á flóttu – mynd af
sýrlenskum börnum sem eru á flóttu í
ókunnu landi með hjálpargögn frá
Lions.



Ritstjórnargreinin

Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Fjórða blað starfsársins er nú komið út. Það fer að stytast í þing hjá hreyfingunni en það verður í apríl og stefnt er að því að næsta blað komi út fyrir þing. Ég ætla að hvetja alla verðandi embættismenn að koma á þing til þess að mennta sig fyrir þau embætti sem þeir eru að taka við á næsta starfsári. Það er mín skoðun að þingið gangi ekki bara út á vinnu þ.e. að fá þjálfun fyrir þau störf sem við erum að taka við. Ég tel jafn mikilvægt að hitta aðra lionsmenn víðsvegar að landinu og heyra hvað þeir eru að gera í sínu starfi til að fá fleiri hugmyndir um hvernig hægt er að gera starfið heima í héraði betra og jafnvel skemmtilegra. Þingið að þessu sinni er í Mosfellsbæ og verður 22. og 23. apríl. Ég hvet ykkur til að kynna ykkur

hvað er í boði þar. Þingið er með sína heimasíðu sem er <http://lionsmos.is/thing>.

Greinarþátturinn um sögu lionsklúbba heldur áfram í þessu blaði. Í síðasta blaði var fjallað um Lionsklúbb Akureyrar og í þessu blaði fáum við sögu Lionsklúbbsins Eir í máli og myndum. Lionsklúbburinn Eir er elsti starfandi lionsklúbbur kvenna á Íslandi. Ég vona að þessi greinarþáttur leggist vel í lionsfélaga og aðra.

Netfang Lionsblaðsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Alþjóðapíngið: Besta vika sem þú upplifir sem Lionsfélagi

Pistill frá alþjóðaforseta

Dr. Jitsuhiro Yamada
alþjóðaforseti



Japanir eiga orð yfir gestrisni í menningu sinni – omotenashi. Þú upplifir omotenashi þegar þú ert að versla, á veitingastað sem og öðrum stöðum fyrir almenn- ing. Í verslunarkjarnanum er starfsmaður í vel sniðnum einkennisbúning við lyfturnar sem býður þig velkomin með hneigingu. Eftir að hafa ýtt á bjölluhnappinn, leiðbeinir hann eða hún, þér að næstu lyftu með handlegg í akkúrat 90 gráðum. Þú ert boðinn mjög velkominn á litríkan hátt. Þegar borðað er á góðu veit- ingahúsi þá stendur starfsfólkið

í röð og hneigir sig að máltíð lokinni og fylgir þér síðan út á gangstétt. Þessi kurteisi kemur frá omoiari, mikilli tillitsemi gagnvart öðru fólki.

Þú upplifir þessa miklu gestrisni ef þú kemur á 99. Alþjóðapíngið í Fukuoka 24.-28. Júní. En sem Lionsfélagi finnurðu fyrir gestrisninni á hlýrri hátt en venjulegur ferðamaður. Kannastu ekki við tilfinninguna fyrir vináttu félaganna á lionsfundum og stoltinu af að vinna verkefni með öðrum lionsfélögum. Þessi tilfinning margfaldast á Alþjóða- pínginu. Samvera með lionsfélögum frá öllum heimshornum er mögnuð og jákvæð tilfinning. Þú getur verið góður lionsfélagi og notið félagsskapar hinna félaganna án þess að fara á Alþjóðapíng. En þú munt upplifa það að vera lionsfélagi á dýpri og áhrifaríkari hátt með því að sækja Alþjóðapíng. Þíngið er tækifæri til að kynnast fólki af öðru þjóðerni sem hugsar á svipaðan hátt. Þú getur marserað í stóru



skrúðgöngunni, hlustað á hrífandi fyrirlesara, heyrt nýjustu lions- fréttirnar, notið fyrsta flokks skemmtiatriða, hjálpað til að ákveða framtíð lionshreyfingarinnar og lært góðar aðferðir við árangursrík verkefni. Einnig almannatengsl og félagafjölgun. Þetta eru fimm dagar af skemmtun, félagsskap og lærdómi. Japönsku lionsfélagarnir eru á fullu að undirbúa eftirminnilegasta Alþjóðapíngið. Í Japan er lions- hugsjónin mjög sterk. Lionsfélagar héðan eru meðal hinna fyrstu til að aðstoða þegar hörmungar ríða yfir heiminn. Þjónustuverkefni þeirra hér í Japan eru mjög árangursrík og skapandi. Þú getur veðjað þínu síðasta yeni að omotenashi og omoiari japönsku lionsfélaganna munu gera þíngið eitt það besta og eftirminnilegasta í lífi þínu.

Dr. Jitsuhiro Yamada
Alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar
Þýðing: Geir Hauksson

Opið hús föstudaginn 11. mars

kl.12:00-13:00 í Lionsheimilinu Sóltúni 20 Reykjavík

- Kaffi og kleinur í boði hússins
- Súpa + bingóspjald á 500 kr.
- Allir velkomnir
- Takið með ykkur gesti

Spilað verður páskabingó

+
+
+
+


Þetta verður síðasta Opið hús vetrarins.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 31. mars

Umdæmisstjóri 109A

Jón Pálmason

umdæmisstjóri 109A


Skýrsluform á alþjóðavefnum þar sem verkefni eru skráð.

Hér eru mikilvæg skilaboð

Ég sendi hér tvenn skilaboð sem eru afar mikilvæg fyrir hreyfinguna okkar og tengjast því að félagar skrái á alþjóðavefnum það sem þeir eru að gera. Annar varðar félagamál. Ég verð var við að klúbbarnir draga að skrá nýja féлага. Hinn pistillinn varðar verkefni klúbbanna sem ég vil biðja þá að skrá þannig að sjáist að þeir séu að vinna að „hundrað ára“ markmiðum Lions.

Skráning nýrra féлага

Í byrjun febrúar sendi ég í A umdæmið ákall til klúbbanna að þeir skrái nýja féлага. Við erum í hættu vegna þess að umdæmið er undir 1250 féлага lágmarkinu. Á meðan við erum undir getum við ekki boðið fram Guðrúnu Björt Yngvadóttur til alþjóðaforseta. Það vantar nokkra, en betur má en duga skal.

Ég verð var við það að klúbbar dragi að skrá nýja féлага til að spara sér að borga fjöllumdæmis- og alþjóðagjöldin.

Ég vil benda á að gjöld fyrir féлага er tekið frá þeim degi sem þeir eru skráðir, ekki frá byrjun starfsársins eða frá hálfu starfsári. Það væri mjög miður ef þetta frábæra verkefni að fá íslenskan alþjóðaforseta myndi velta á að klúbbarnir séu að spara sér nokkur þúsund krónur í félagsgjöld.

Munið eftir að það sem telur er skráningin á alþjóðavefnum (lionsclub.org) og fara þar inn á linkinn **MyLCI**.

Ég bið ritara að fara yfir að allir félagar séu

skráðir á MyLCI eða fara yfir það með Lionsskrifstofunni að skráningin sé í lagi. Þetta getur orðið aðalframlag klúbbanna til þessa verkefnis.

Vonast eftir góðum viðbrögðum. Við megum ekki láta þetta flotta verkefni sem er framboð Guðrúnar Bjartar falla á því að við höfum gleymt að skrá nýja féлага.

Til upprifunar þá set ég hér inn leiðbeiningar um hvernig á að setja inn nýja féлага. Þið farið inn á MyLCI á heimasíðu Lions, lionsclubs.org. Þar farið þið inn á My Lions Club og veljið Members. Þar kemur upp gluggi þar sem þið veljið Add Members. Þá þarf að velja hvort um nýjan féлага er að ræða eða þið eruð að flytja féлага. Ef það er nýr félagi þá veljið þið New Member. Síðan skráið þið allt um félagann. Þetta læra ritara allt um á ritaranámskeiði sem haldið er í tengslum við þing, sem verður næst í Mosfellsbæ. Það er mikil nauðsyn að ritara mæti þar, til að læra það nýjasta í skráningu féлага.

Afmælisverkefni Lions

Kæru félagar, árið 2017 verður Lionshreyfingin okkar 100 ára. Eitt að því sem gera á til hátíðarbrigða af því tilefni er að í eftirfarandi 4 verkefnaflokkum ætla Lionsfélagar að þjóna 100 milljón manns á árunum 2014-2017. Þessir verkefnaflokkar eru:

1. Ungmennamálefni (Youth Campaign)

Ungmennaskipti og lestararáttak eru dæmi um verkefni sem tengjast ungmennum.

2. Sjónvernd (Vision Campaign)

Á Íslandi hafa klúbbar og Lionshreyfingin verið að gefa sjónlækningataeki og við minnumst alþjóða sjónverndardagsins sem við höldum á Íslandi 2014.

3. Hungursneyð (Hunger Campaign)

Það er ekki hungursneyð á Íslandi, en samt hafa klúbbar hér verið að safna í matargjafir fyrir bágstadda t.d. fyrir jólin.

4. Umhverfismál (Environment Campaign)

Mjög margir klúbbar eru að vinna á einhvern hátt að umhverfismálum, t.d. skógrækt, hreinsun vega og fjara.

Hér fyrir ofan má sjá skýrsluna sem á að fylla út. Í reitnum sem heitir **Centennial Service Challenge** er valið í hvaða verkefnaflokki verkefnið er sem þið eruð að skrá í sömu röð og ofan er talið. Það er mikilvægt að þið skráið hversu mörgum þið eruð að þjóna, sem er skráð í reitinn „**Number of People Served**“. Þá kemur klúbburinn þinn með í þetta verkefni.

Skemmtilegast er þegar klúbbar hafa náð því að skrá verkefni í öllum verkefnaflokkum. Að sjálfsögðu eru klúbbar að vinna að mörgum öðrum verðugum verkefnum. En til þess að við komum fram sem fyrirmyndar Lionsland og eignumst að alþjóðaforseta, þá skulum við vera til fyrirmyndar einnig á þessum vettvangi.

Skilafrestur skráninga á Lionsþingið í Mosfellsbæ er til 30. mars.
Heimasíða lionsþingsins er www.lionsmos.is/thing

Umdæmisstjóri 109B

Stefán Árnason

umdæmisstjóri 109B



Góðir Lionsfélagar
Nú þegar starfsárið er rúmlega hálfnað er gott að staldra við, draga fram þann árangur sem orðið hefur í metnaðarfullu starfi okkar á sama tíma og við horfum til verkefni-

anna sem bíða. Í upphafi ársins settu teymin sem fara með hina ýmsu málaflokka sér markmið sem þau hafa síðan unnið að. Gott er að yfirfara og skoða hvernig hefur gengið og hvað hægt er að gera betur. Félagamál, innra starf klúbba og reyndar hreyfingarinnar allrar er mér hugleikið nú eins og svo oft áður. Við eigum og verðum að fara reglulega yfir starf okkar, meta með opnum huga hvort við getum gert betur og þá hvernig. Það er alltaf ástæða til að spyrja hvort við séum á réttri leið. Þannig tryggjum við að starf okkar verði skilvirkt og árangursríkt. Við megum þó aldrei missa sjónar á aðalmarkmiðinu, það er að leggja lið.

Á þessum tímapunkti er margt sem bendir til þess að félögum í B umdæminu muni fjölga á starfsárinu en það hefur ekki gerst í æði mörg ár. Ég held að þennan árangur megi þakka jákvæðni og einbeittum vilja klúbba til að gera starfið betra og skemmtilegra. Í heimsóknum mínum í vetur hef ég notið þess að hlusta á fundarmenn ræða metnaðarfull

verkefni sem framundan eru og fundið að í starfinu ríkir gleði, einlæg vinátta og virðing.

Lionsþing okkar verður haldið í Mosfellsbæ 22. – 23. apríl. Allir klúbbar eiga nú að hafa fengið kynningu á þinginu sem er í umsjón Lkl. Mosfellsbæjar og Lkl. Úu. Ég hvet klúbba til að senda fulltrúa sína á þingið og taka virkan þátt í að móta starfið. Þá eru á þinginu mjög góðir skólar fyrir viðtakandi stjórnir og svæðisstjóra og er ástæða til að hvetja alla sem hlut eiga að máli til að nýta sér þá. Síðast en ekki síst er á lionsþingi kjörið tækifæri til að hitta félagala alls staðar af landinu, skiptast á skoðunum, læra hvort af öðru og gleðjast saman.

Ágætu lionsfélagar takk fyrir vel unnin störf það sem af er starfsárinu, jákvætt viðhorf og skemmtilegt samstarf.

Lionsklúbbur Húsavíkur

Veitir styrki til verðugra málefna

Á dögnum afhentu Lionsmenn á Húsavík tvo myndarlega styrki, annarsvegar 1, 5 milljónir til Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunar Norðurlands til tækjakaupa á starfsstöðinni á Húsavík. Og hinsvegar hálfa milljón króna til uppbyggingar á skíðaádstöðu við Reyðarárhjúk.

Auður Gunnarsdóttir, formaður Styrktarfélagsins, veitti gjöfinni viðtöku og sagði félagið hefði verið farvegur fyrir gjafir til Heilbrigðisstofnunar frá stofnun þess 1996. Styrktarfélagar eru 338 og nýir ævinlega boðnir velkomnir.

Vilhjálmur Pálsson, sem hefur barist í áratugi fyrir uppbyggingu skíðaádstöðu þar efra, tók við síðari gjöfinni og gat þess m.a. að veturinn 1948-49 hefði verið haldið héraðsmót í skíðagöngu á þessum slóðum þegar snjólaust var niðri í byggð.

JS



Helgi Kristjánsson, formaður Lionsklúbbs Húsavíkur og Auður Gunnarsdóttir, formaður Styrktarfélagsins.



Vilhjálmur Pálsson tekur við gjafabréfinu úr hendi formanns.

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fánleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Mikilvæg verkefni Lionshreyfingarinnar eftir jarðskjálftana í Nepal



Eftir alþjóðastjórnarmanninn Sanjay Khetan og Cassandra Rotolo

25. apríl 2015 varð jarðskjálfti af stærðinni 7,8 í Nepal. Tveim vikum seinna skók annar skjálfti landið og þá af stærðinni 7,4. Næstu mánuði á eftir hrístu þúsundir eftirskjálfta svæðin sem urðu svo illa úti. Þessar hrikalegu hamfarir höfðu mikil áhrif á innviði samfélagsins og hugarástand íbúanna.

Í þessum jarðskjálfta sem innfæddir kalla „Gorkha“ létust meira en 9.000 einstaklingar og yfir 23.000 slösuðust alvarlega. Heilu byggðarlögin jöfnuðust við jörðu, sögulegar byggingar skemmdust eða hrundu til grunna og nærri 8 milljónir misstu heimili sín. Í kjölfar skjálftanna urðu einnig alvarleg skriðuföll og snjóflóð, þar á meðal snjóflóðið á Everest.

Þetta voru verstu náttúruhamfarir í Nepal í nærri heila öld. Þrátt fyrir að sérfræðingar hefðu í áratugi varað við því að Nepal væri berskjaldað fyrir lífshættulegum jarðskjálftum voru íbúarnir og stjórnvöld illa undirbúin.

Strax eftir fyrri skjálftann ákvað stjórn alþjóðahjálparstöðs Lionshreyfingarinnar (Lions Clubs International Foundation, LCIF) að veita US\$ 100.000 „Major Catastrof“ styrk til Lionshreyfingarinnar í Nepal.

„Major Catastrof“ styrkur er styrkur sem veittur er vegna náttúruhamfara sem hafa fjölbjóðleg áhrif. Styrkinn má bæði nota til skyndihjálpar og til lengri tíma aðstoðar.

Meira en 1.500 nepalskir Lionsfélagar voru á umdæmisþingi þegar skjálftinn varð. Þeir sem þar voru stofnuðu strax verkefnanefnd til að skipuleggja neyðarhjálp og afla alls þess búnaðar sem mögulegt væri. Þeim tókst strax að útvega ýmsan neyðarbúnað, meðal annars mat, teppi og dýnur. Lionsfélagar í Evrópu sendu strax vatnshreinsibúnað og frá Indlandi kom ýmis búnaður, meðal annars sólarcellur og ljósabúnaður. Lionsfélagar í Banglades sendu meira en 7.000 teppi og Lionsfélagar í Gjurat héraði Pakistan útbjuggu yfir 5.000 pakka með neyðarbúnaði. Lionsfélagar í Nepal settu upp búðir til að auðvelda dreifingu alls þess búnaðar sem barst.

Þó að margir Lionsfélagar í Nepal væru fórnarlömb skjálftanna fóru þeir strax að sinna hjálparstarfi. Þeim varð fljótt ljóst að blóðbirgðir voru hvergi nærri því að anna ört vaxandi þörf. Þeir útbjuggu í skyndi blóðsöfnunarbíla og skipulögðu blóðsöfnun sem skilaði meira en 2.000 lítrum á einum degi. Áframhaldandi blóðsöfnun fyllti geymslupláss fjölmargra blóðbanka.

Innan þriggja sólahringa voru allir klúbbar landsins farnir að sinna hjálparstarfi. Um leið og neyðarbirgðir fóru að minnka barst meira. Lionsfélagar komu upp fjölmörgum söfnunarstöðum vítt og breytt um landið. Þannig tókst þeim að safna miklu magni af mat, teppum og öðrum neyðarbúnaði. Meira en 17.000 pökkum var dreift til þurfandi.

Mikil úrkoma fylgdi í kjölfar skjálftanna og í neyðarpökkunum voru meðal annars tjöld sem veittu gott skjól. Því til viðbótar byggðu Lionsfélagar fjölmörg skýli og sáu fjölmörgum fórnarlömbum fyrir mat. Fjölmargir vildu ekki snúa heim aftur, hræddir við að þær byggingar sem enn stæðu myndu hrynja í eftirskjálftum.

Styrkurinn frá LCIF og einbeiting Lionsfélaga í Nepal við að safna neyðarbúnaði var ekki erfiðasta verkefnið í þessu hjálparstarfi. Erfiðasta verkefnið var að koma búnaðinum til þeirra sem á þurftu að halda.

Nepal er ákaflega erfið yfirferðar og fjölmörg byggðarlög mjög einangruð. Margir þurftu að ferðast langar leiðir úr fjöllum til að ná í birgðir og Lionsfélagar útveguðu þyrlur til að komast að erfiðustu



Hinn 76 ára Shambhu Bahadur Bhandari er þakklátur fyrir matinn sem Lionsfélagar færðu honum.



Þorpsbúar bera hjálpargögn frá Lions heim til sín.

svæðunum. Oft á tíðum fluttu þessar þyrlur illa slasað fólk til baka svo það kæmist undir læknishendur.

„Þegar við komum á staði sem aðrir höfðu ekki enn komist á var okkur tekið opnum örmum. Ég hafði á tilfinningunni að margir þeirra væru að brosa í fyrsta skipti frá því skjálftinn reið yfir“ segir Pankaj Pradhan fyrrverandi fjölmundemisstjóri Nepals. „Flest þeirra sögðu okkur frá erfiðleikum sínum. Eftir að heyrja þessar átakanlegu sögur komumst við að raun um hversu þrautseig þau voru. Þau voru öll einstaklega þakklát fyrir hjálpin.“

Það gat reynst erfið að fá aðstoðarfólk við að losa flutningabíla og koma hjálpargögnum á leiðarenda. Í mörgum tilfellum voru það Lionsfélagar í heimabyggð sem tóku að sér að fara fótgangandi með miklar birgðar á staði sem ófærir voru öllum flutningataekjum. Oft lögðu þeir sig í mikla hættu á svæðum þar sem enn voru eftirskjálftar.

Tíu dögum eftir fyrstu skjálftana náðu Lionsfélagar til Danuar Basti í Sidhupalchowk héraði. Það voru fyrstu hjálpargögnin sem þangað bárust. Við komuna þangað blasti við þeim gríðarleg eyðilegging. Flestir íbúarnir báru sorgarklæði af virðingu við þá fjölmörgu sem höfðu látist.

Fólkið bjó undir alls ófullnægjandi skýlum og var í mikilli þörf fyrir aðstoð.

Lionsfélagar komu með nauðsynlegustu hjálpargögn og útveguðu svo tjöld og teppi. Þeim tókst einnig að flytja alla sem þörfuðust læknishjálpar í næstu neyðarstöð.

Innan um alla eyðilegginguna hélt lífið áfram og hjá sumum var það að byrja. Phool Maya Tamang fæddi heilbrigða stúlku í einum af þeim búðum sem Lionsfélagar höfðu komið upp.

Í öðru þorpi höfðu íbúarnir horft á þyrlur fljúga yfir dögum saman en enginn hjálp barst þeim fyrr en Lionsfélagar komu gangandi, hlaðnir hjálpargögnum. Hinn 76 ára Shambhu Bahadur Bhandari faðmaði þá að sér og þakkaði fyrir að nú hefðu barnabörnin hans skjól og mat.

Verkefnin voru mörg. Lionsfélagar komu upp fjölmörgum neyðarskýlum fyrir heilbrigðisaðstoð, útveguðu gríðarlegt magn lyfja og lagfærðu hreinlætisaðstöðu eftir bestu getu.

Í dag koma Lionsfélagar í samvinnu við yfirvöld að byggingu 1.000 heimila og 50 skóla. Allar þessar byggingar eru nú byggðar til að þola jarðskjálfta.

Alþjóðahjálparsjóðurinn (LCIF) hefur nú veitt meira en 5 milljón dollurum bæði til neyðaraðstoðar og enduruppbyggingar á verst settu svæðunum. Því til viðbótar hafa Lionsfélagar í Nepal útvegað gríðarlegt fjármagn og eru hvergi nærri hættir. Þeir ætla ekki að hætta fyrr en uppbyggingarstarfinu er lokið.

Dýðing: Kristinn Hannesson

Lionsklúbbur Skagastrandar



Starfið okkar hófst aftur í september eftir gott sumarhlé og erum við 15 félagar sem hófum starfið. Aðalfjáröflunarvinna okkar er tindabikkjuverkun sem hófst í október og lýkur í desember. Þá er hún fullverkuð og boðin til kaups og höfum við getað selt hana í Þorláksmessuveisluna þar sem bæjarbúum er boðið til skötuveislu í boði Fiskiðjunnar FISK. Samhliða skötuveislunni er boðið uppi á blóðsykursýkismælingu í boði klúbbsins, annað hvert ár, við vorum ekki með síðast. Á Þorláksmessu 2015 nýttu 146 einstaklingar sér þessa þjónustu en hún var unnin í samráði við heilsugæsluna á Skagaströnd. Komu flestir vel út úr þeim mælingum.

Eldri borgurum á Skagaströnd var gefin jólastjarna á adventunni og er það mjög gefandi verkefni. Klúbburinn hefur lagt fjármuni í jólahjálpi fyrir efnaminni einstaklinga/fjölskyldur. Jafnframt sér klúbburinn um að halda jólatréskemmtun fyrir fólk á öllum aldri á milli hátíðanna. Þar var boðið upp á kökur, vöflur og kakó með rjóma og að sjálfsögðu komu jólasveinarnir og skemmtu börnunum.

F.h. Lionsklúbbs Skagastrandar, Guðmundur Finnbogason formaður.

Minning + Guðni Marinó Óskarsson



Guðni Marinó Óskarsson fæddist 28. september 1941 í Sjóborg á Eskifirði og andaðist 26. nóvember 2015 á Landspítalanum í Fossvogi.

Guðni lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri 1961 og cand.odont-prófi frá Háskóla Íslands 1967.

Þann 9. apríl 1966 kvæntist Guðni, Margréti Stefaníu Sveinsdóttur.

Guðni starfaði sem tannlæknir á Húsavík frá 1967 til 1971 og á Eskifirði frá 1971 til starfsloka.

Hann gekk í Lionsklúbb Húsavíkur 20. okt. 1967 og flutti sig svo í Lionsklúbb Eskifjarðar þegar hann flutti til Eskifjarðar 1971 og var í honum allt til æviloka.

Guðni var mjög virkur Lionsfélagi, mætti vel og tók mikinn þátt í öllu starfi bæði á fundum og í störfum að líknarmálum enda formaður líknarnefndar um árabil.

Hann kunnir allar reglur og síði Lionklúbbsins og gekk eftir því að allt færi rétt fram á fundum og skilur hann mikið eftir sig fyrir okkur að minnast og læra af.

Á sínum langa ferli í Lionsklúbbi Eskifjarðar hafði hann gegnt flestum ef ekki öllum embættum þar.

Við í Lionsklúbbi Eskifjarðar kvæðjum góðan lionsfélagamann með söknuði og þökkum honum mikið og óeigingjarnt starf.

Jafnframt vottum við eftirlifandi eiginkonu, Margréti S. Sveinsdóttur, ættingjum hans og vinum okkar dýpstu samúð.

Útför Guðna var gerð frá Eskifjarðarkirkju 5. desember 2015.

Megi guð blessa minningu Lionsfélaga okkar Guðna Marinós Óskarssonar.

F.h. Lionklúbbs Eskifjarðar, Árni Helgason form.

Svo lærir lengi sem lifir

Einar Þórðarson

PDG-109A, PDG-109B



Verið er að leggja lokahönd á íslenska þýðingu alþjóðalaga Lionshreyfingarinnar og verða þau lögð fram á næsta fjölumdæmisþingi, sem er eftir 6 vikur. Lögin eru í tvennu lagi, annars vegar umdæmisög (www.lionsclubs.org/resources/EN/pdfs/la4.pdf), hins vegar fjölumdæmisög (www.lionsclubs.org/resources/EN/pdfs/la5.pdf).

Eins og mörg okkar vitum þá hafa íslensku Lionslögin ekki alveg verið í samræmi við alþjóðalögin, sem er miður. En loksins er það að gerast að við fáum að sjá alþjóðalögin á íslensku.

Mig langar birta tvær glefslur úr alþjóðalögum fjölumdæmis, Multiple District Constitution And By-Law, en þar kemur fram að það eru umdæmisstjórnarnir sem velja sinn fjölumdæmisstjóra, enda er fjölumdæmisstjórnin starfsmaður þeirra. Lesið þýðinguna hægt – og ekki láta ykkur bregða. Hluti textans gæti hafa breyst í endanlegri þýðingu. Þá hefist lesturinn:

Alþjóðalög Lionshreyfingarinnar síðast samþykkt á alþjóðþingi 2015 í Honolulu

GREIN VI Stjórnarmenn og umdæmisstjórnaráð

1. Hluti. SKIPAN STJÓRNAR. Skipa skal Umdæmisstjórnaráð (Council of Governors) sem samanstendur af öllum umdæmisstjórnunum í fjölumdæmi sem einnig skal skipað einum núverandi eða fyrrverandi umdæmisstjóra sem gegna skal embætti formanns ráðsins (Council Chairperson).

Yfirmenn fjölumdæmisins skulu vera meðlimir í umdæmisstjórnaráði. Hver meðlimur umdæmisstjórnaráðs, þar með talinn formaður ráðsins, skal fara með eitt (1) atkvæði í málum þar sem þörf er á viðbrögðum af hálfu umdæmisstjórnaráðs.

Formaður umdæmisstjórnaráðs skal einungis gegna starfi sínu í eitt ár og getur ekki gegnt því starfi aftur.

ARTICLE VI Officers and Council of Governors

Section 1. **COMPOSITION.** There shall be a Council of Governors composed of all the district governors in the multiple district and shall also include one current or past district governor who shall serve as council chairperson.

The officers of this multiple district shall be the members of the Council of Governors. Each member of the council of governors, including the council chairperson, shall have one (1) vote on each question requiring action of the council of governors. The council chairperson shall serve for a one-year term only and cannot serve in that capacity again.

GREIN II Skipun formanns ráðs

Formaður ráðsins skal útnefndur af umdæmisstjórnunum fjölumdæmis að því tilskildu að sá formaður sé núverandi eða fyrrverandi umdæmisstjóri þegar viðkomandi tekur við embætti.

Formaður umdæmisstjórnaráðs skal einungis gegna starfi sínu í eitt ár og getur ekki gegnt því starfi aftur. Boða skal fund umdæmisstjóra í fjölumdæmi þeirra sem gegna munu embætti á skipunartíma þess formanns ráðs umdæmisstjóra sem útnefndur hefur verið að loknu ársþingi fjölumdæmisráðs en eigi síðar en 30 dögum eftir lok alþjóðþings, í þeim tilgangi að velja formann umdæmisstjórnaráðs. Það er skylda þátttakenda á þessum fundi að skipa fullgildan félag í klúbbi sem er fullgildur í fjölumdæminu sem formann ráðsins.

ARTICLE II Appointment of Council Chairperson

The council chairperson, shall be appointed by the District Governors of the multiple district provided that such chairperson shall be a current or past district governor when he/she takes office. The council chairperson shall serve for a one-year term only and cannot serve in that capacity again. A meeting of the district governors of the multiple district who will be in office during the term of the council chairperson appointed shall be called following the multiple district annual convention, but no later than 30 days following the closing of the International Convention for the purpose of selecting a council chairperson. It shall be the duty of the attendees at this meeting to appoint a club member in good standing in a club in good standing in the multiple district as the council chairperson.

Hvað stendur í alþjóðalögum?

Fjölumdæmisstjóri skal útnefndur af umdæmisstjórnunum – og fjölumdæmisstjóri má vera einn af núverandi umdæmisstjórnunum. Það er því rangt að láta Lionsklúbba kjósa fjölumdæmisstjóra á þingum. Það má líka spara mikið með því að annar umdæmisstjórninn sé einnig fjölumdæmisstjóri. Væntanlega þarf að hagræða verkefnum en það er líka kominn tími til. Svo er bara að sjá hvort við treystum okkur til að fara að alþjóðalögum Lions.

Rangar íslenskar þýðingar sem valda stöðugt misskilningi

Við höfum verið að nota rangar þýðingar á ýmsum heitum og hafa þær valdið misskilningi. Hér eru tvö dæmi:

- 1) *Council of Governor:* Í dag er notað orðið „Fjölumdæmisstjórn“. Réttara er að nota „Umdæmisstjórnaráð“. Í umdæmisstjórnaráði sitja umdæmisstjórnir og þeirra starfsmaður sem er framkvæmdastjórnin (CC).
- 2) *Council Chairperson:* Í dag er notað orðið "Fjölumdæmisstjóri" sem er rangnefni. Margir halda að fjölumdæmisstjóri ráði yfir umdæmisstjórnunum en það er rangt. Hann er starfsmaður umdæmisstjórnanna. Það eru umdæmisstjórnarnir sem sverja eið á alþjóðþingi um að þeir ætli að starfa af heilindum og innan alþjóðalaga Lionshreyfingarinnar. Þess vegna eru það þeir sem stjórna hreyfingunni en framkvæmdastjórnin sinnir ákveðnum verkum. Framkvæmdastjórnin sver engan eið um störf sín. Hann er jafnframt formaður Umdæmisstjórnarráðs. Íslenska þýðingin "framkvæmdastjóri" er mun réttara en „fjölumdæmisstjóri“. Einnig má nota „stjórnarformaður“ sem er bein þýðing á council chairperson.

Hér nefni ég aðeins tvær þýðingar sem kominn er tími til að leiðrétta – þýðingar sem eru bæði villandi og rangar. Þær eru fleiri. Nú er tækifærið að færa íslenskan texta til betri vegar. Hreyfingin er að verða 100 ára og kominn tími til að við komum okkur inn í nútímann.

Berum virðingu fyrir fjölumdæmisþingi

Á síðasta fjölumdæmisþingi gerðist á leiðinlegi atburður að Lionsfélagi utan úr sal sá til þess að þinginu var slitnið mjög snögg. Viðkomandi reyndi að stöðva ræðumanninn sem var í miðri ræðu og vildi reka þingheim úr þingsal. Ræðumaðurinn var einmitt að kynna þýðingu á Lionslögum þegar þetta gerðist (skritið). Með leyfi þingstjóra fékk hann að klára sitt mál

en stytta það mikið. Þingstjóri sá sér þann kost vænstan að slíta þinginu mjög snögglega en þá voru sjö enn á mælendaskrá. Svona framkoma á ekki að sjást.

Ég sat fjölmæmisþing í Danmörku í júní 2015 og þar var þinghald mun faglegra. Við hlið þingstjóra sat lagavörður hreyfingarinnar. Hann leiðbeindi þingstjóra og úrskurðaði í vafamálum tengdum lögnum. Hann hefði aldrei látið þessa uppákomu eiga sér stað. Þingstjóri á ekki að bera ábyrgð á túlkun laganna, við eigum að hafa lagavörð við hlið þingstjóra. Á danska þinginu var einnig

sérstakur liður þar sem breytingar á alþjóðalögum Lions voru lagðar fram og samþykktar. Þetta var eðlilegur hlutur og tók aðeins nokkrar mínútur. Við sem förum á erlend fjölmæmisþing eigum alltaf að vera tilbúin að læra og koma heim með góðar hugmyndir og betrubætur.

Ég hlakka til næsta Lionsþings

Á næsta þingi leggur Laganefndin fram þýðingu alþjóðalaganna til kynningar og samþykktar. Ef ekki tekst að klára þýðinguna þá eigum við að samþykkja ensku útgáfuna af

lögnum, því í dag störfum við eftir sér-íslenskum og gömlum Lionslögum sem er frekar rýr og að hluta til utan alþjóðalaganna.

Við skulum hafa það hugfast að alþjóðalög Lions eru þau lög sem gilda og er ofar öllum öðrum lögum. Þú og okkur undir að taka upp önnur vinnubrögð en við höfum tamið okkur, vinnubrögð sem eru samkvæmt alþjóðalögum Lions.

Ef allt gengur að óskum þá verður fjór á næsta Lionsþingi.

Frá Félagi um framboð Guðrúnar Bjartar til annars vara alþjóðaforseta Lions

Kristín Þorfinnsdóttir

Lkl. Emblu LCIF fulltrúi í 109 A



Ég ætla að leyfa mér hér að setja inn upplýsingar um bankareikning Félags um Framboð Guðrúnar.

	FÉLAG um framboð Guðrúnar Bjartar Yngvadóttur til alþjóðaforseta Lions
	Kennitala: 490915-0440
	Bankareikningur: 0528-26-3149
	IBAN: IS290528260031494909150440
	SWIFT: GLITISRE
	Ljósamyri 3, 210 Garðabær
	www.liongudrun.com
	felag@liongudrun.com

Kæru Lionsfélagar
Eins og við vitum öll, þá eru ansi sterkar líkur á því að við íslenskir lionsfélagar eignumst ALÞJÓÐAFORSETA LIONS.

Við litla Lionslandið Ísland – og ekkert bara - við eignumst í fyrsta sinn alþjóðaforseta sem er KONA.

Guðrún Björt er búin að vera á ferð og flugi til að kynna sig og heimsækja hin fjölbreyttustu Lionslönd og fær allsstaðar mjög góðar viðtökur.

Starfið hennar Guðrúnar er nú þegar búið að vera mjög kostnaðarsamt og á eftir að verða kostnaðarsamara ásamt því að þetta er gífurleg vinna fyrir hana.

Margir Lionsklúbbar, lionsfélagar, einstaklingar og fyrirtæki hafa nú þegar létt róðurinn með framlögum og viljum við öll færa kærar, kærar þakkir fyrir stuðninginn.

Betur má ef duga skal!

Margt smátt gerir eitt stórt.

Vinum með þeim, reynum að hjálpa til við að léttu róðurinn.

Framboð Guðrúnar Bjartar er frábær kynning fyrir Ísland og ef þú lesandi góður hefur tækifæri á að kynna framboðið, fyrir fyrirtækjum sem njóta góðs af enn meiri kynningu á Íslandi og jafnvel óska eftir styrk til kynningarmála hjá þeim, þá ert þú að leggja málinu lið.

Kveðja Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Emblu

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

Umhverfiskorn

Mörg lítil verk geta breytt heiminum Prettán litlar aðgerðir sem koma umhverfinu til góða

Líklega viljum við flest ganga vel um umhverfið og skila jörðinni til barnanna okkar í jafngóðu ástandi og hún var þegar við tókum við henni. Til þess að svo megi verða þurfum við öll að leggja okkar af mörkum. Við erum kannski fá og smá, en litlu verkin skipta líka máli.

En hvar á maður að byrja? Við þeirri spurningu er ekki til neitt eitt svar, enda er hið eina stóra rétta svar yfirleitt ekki til. Eða eins og einhver sagði: „Við sérhverri flókinni spurningu er til eitt einfalt svar, en það er örugglega vitlaust“. Það sem við þurfum að gera til að mjaka málum til betri vegar er sem sagt ekki eitthvað eitt og stórt, heldur liggur lausnin eða svarið í mörgu smáu.

Hér á eftir verða nefnd 13 dæmi um það sem hvert okkar um sig getur gert til að draga úr álaginu á umhverfið og búa í haginn fyrir komandi kynslóðir. Þessi atriði eru ekki endilega mikilvægari en einhver önnur, enda er af nógu að taka. En þessi atriði eiga það sameiginlegt að standa okkur nærri og vera auðveld í framkvæmd. Hér er ekki eftir neinu að bíða.

1. Kaupum minna. Óþarfi er engum til góðs til lengdar. Óþörf vara, hver sem hún er, skilur eftir sig fótspor. Hennar vegna hefur auðlindum verið sóað, dýrmæt orka notuð að óþörfu, stofnað til flutninga sem hefði mátt sleppa og stuðlað að myndun úrgangs sem aldrei hefði átt að verða til.
2. Notum minna af snyrtivörum. Mörg okkar nota snyrtivörur í óhófi. Efni úr þessum vörum eiga greiða leið inn í líkama okkar og sum þeirra eru ofnæmisvaldandi, hormónaraskandi og jafnvel krabbameinsvaldandi. Svansmerktar snyrtivörur innihalda ekki efni af þessu tagi.
3. Notum aldrei snyrtivörur með plastögnum, öðru nafni míkroplasti. Síðustu ár hafa margir framleiðendur bætt plastögnum í vörurnar sínar til að gefa þeim tiltekna eiginleika. Slíkar agnir er m.a. að finna í mörgum skrubbkremum og í tannkremi sem á að gera tennurnar hvítari. Þessar agnir gera okkur sjálfum ekkert mein til skamms tíma lítið, enda skolast þær beint niður í niðurfallið. Þaðan fara þær hins vegar út í sjó og vötn þar sem þær eiga eftir að fljóta um aldir, draga til sín eiturefni af ýmsu tagi og lenda jafnvel inn í fæðukeðjunni og á diskinn okkar þegar fram líða stundir. Til er nóg af náttúrulegum efnum sem gera sama gagn, t.d. brot úr kókoshnetum og kaffikorgur. Vörur sem innihalda plastagnir má þekkja á áletrunum á borð við „micro crystals“, „PET“ o.s.frv. Þeir sem eiga snjallsíma geta sótt sér appið „Beatthemicrobead“ sem auðveldar manni að sjá hvort tiltekin vara innihaldi míkroplast. Svansmerktar snyrtivörur innihalda engar slíkar agnir.
4. Borðum ekki kjöt á mánudögum. Reyndar er alveg sama hvaða vikudagur er valinn. Ein máltíð af kjöti er miklu frekari á auðlindir en ein máltíð af grænmetisfæði. Hugmyndin um kjötlausan mánudag er fengin að láni frá Noregi, en þar halda margir „kjöttfri mandag“ til að draga úr óþarfri vatnsnotkun,



Stefán Gíslason

Umhverfisstjórnunarfræðingur

Environice

Borgarnesi

5. áburðarnotkun, olíunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda og þar fram eftir götunum.
5. Hendum ekki mat. Nýtum afganga. Frystum afganga. Borðum fyrst það elsta úr ísskápnum. Tökum dagstimpla hæfilega hátíðlega. Um 800 milljón manns svelta á sama tíma og um þriðjung allra matvæla er hent. Þegar við hendum einu kíló af mat erum við líka að henda vatni, áburði og öðrum auðlindum sem voru notaðar við framleiðsluna á þessu kíló.
6. Komum lífrænum úrgangi í jarðgerð. Íslendingar urða tugi þúsunda tonna af lífrænum úrgangi á hverju ári á sama tíma og þjóðin glímur við eyðimerkurmyndun sem hægt væri að stemma stigu við ef lífrænn úrgangur væri nýttur til landgræðslu. Og svo flytjum við inn jarðveg og áburð sem jarðgerður lífrænn úrgangur gæti leyst af hólmi.
7. Spörum bílinn. Við þurfum ekki að fara akandi allra okkar ferða. Flest okkar geta auðveldlega labbað einn kílómetra á tíu mínútum og hjólað sömu vegalengd á mun styttri tíma. Slík ferðalög spara ekki bara auðlindir, heldur bæta þau heilsuna í leiðinni. Allir græða (nema kannski olíufélögin).
8. Flokkum úrgang og komum honum í endurvinnslu. Þetta gera sjálfsgagt flestir, en færri hugsa út í mikilvægið. Með flokkun og endurvinnslu er ekki bara verið að draga úr urðun heldur er líka verið að koma í veg fyrir sóun auðlinda. Sem dæmi má nefna að til að endurvinna eitt tonn af áli þarf aðeins 5% af þeirri orku sem fer í að frumvinna sama magn, auk þess sem miklu minni úrgangur fellur til.
9. Notum minna þvottaefni. Flest okkar nota meira af þvottaefni en þörf er á. Þarna eins og víðar er tækifæri til að spara peninga og draga úr álagi á umhverfið í leiðinni. Sama gildir um uppþvottavélar. Hálf tafla af uppþvottaefni getur t.d. dugað til að skila uppvaskinu álíka hreinu og heil tafla. Þarna liggur tækifæri til 50% sparnaðar.
10. Skrifum fyrir vatnið á meðan við sápum okkur í sturtunni eða burstum tennurnar. Á Íslandi erum við víðast svo heppin að eiga nóg af vatni. En vatn sem rennur ónotað í niðurfallið gerir engum gagn. Úti í náttúrunni hefur vatnið alltaf eitthvert hlutverk ef það fær að seitra sína náttúrulegu leið, jafnvel þótt nóg sé af því. Það eitt að skrúfa fyrir krana er líka liður í að venja sig við ákveðinn lífsstíl, sem er vel að merkja skemmtilegur þegar á reynir.

11. Skilum öllum aflögðum fötum í gáma Rauða krossins. Jafnvel stakir sokkar og götóttar nærbuxur eru söluvara sem gefa Rauða krossinum nokkrar krónur í aðra hönd. Ef allir Íslendingar myndu hætta að setja textílefni í ruslið og setja þau í Rauðakrossgámanna í staðinn myndu tekjur Rauða kross Íslands hækka um 100-200 milljónir árlega.
12. Kaupum lífræn matvæli. Þau hafa alla jafna haft minni áhrif á umhverfið en önnur matvæli.

13. Skilum öllum lyfjaafgöngum í apótek. Lyf eiga aldrei að fara í ruslið. Séu þau urðuð með öðrum úrgangi skila þau sér líklega út í umhverfið með tíð og tíma með ófyrirséðum afleiðingum. Þetta voru bara 13 dæmi, nánast valin af handahófi, um lítil, auðveld og einföld verk sem skipta máli. En dæmin eru miklu fleiri. Í þessu sambandi er vert að hafa í huga að „*mörg lítil verk sem margt lítið fólk vinnur á mörgum litlum stöðum, geta breytt heiminum*“, eins og það er orðað í kínversku máltæki.

Alþjóða hjálparsjóður Lions

Hvað getum við gert?



Á gætu Lionsfélagar, Alþjóða hjálparsjóður Lions safnaði á síðasta ári rúmum 40 milljónum dollara. Hér á landi höfum við safnað talsverðum upphæðum til þess að leggja í þennan sjóð. En þegar betur er að gáð þá höfum við fengið meira fé til landsins í formi styrkja til þess að gefa lækningatæki til Landspítala Háskólasjúkrahúss og annarra staða þar sem áföll verða eða jarðskjálftar erlendis, en við höfum gefið þangað.

Nú er í farveginum og búið að vera í nokkur ár mislingaforvarnir þar sem við höfum lagt til að gefin verði mislingasprautu til þess að bjarga lífi barna. Í dag er staðreyndin sú að um það bil 400 börn deyja á degi hverjum vegna mislinga. Þetta er óhugnanlega há tala. Mislingar eru veiru sjúkdómur sem er mjög smitandi og einkennist af hita og útbrotum um allan líkamann. Hann getur verið hættulegur og valdið dauða segir í fréttabréfi Landlæknis. Mislingar voru algengur sjúkdómur meðal barna hér á árum áður, sum okkar muna eftir honum. En öllu jafnan eru mislingar mildur sjúkdómur hjá börnum, en allt að 10% þeirra sem sýkjast fá alvarlega fylgikvilla svo sem heilabólgu eða lungnabólgu. Við verðum að muna að þessi mislingafaraldur kom upp í Evrópu á árunum 2011 og 2012 og greindust um 30 þúsund einstaklingar með mislinga hvort árið, en í öðrum löndum er þetta mikill faraldur. Það er þar sem við erum að

styðja þetta. Hver sprautu kostar um 1 dollar, sem í dag er 130 kr. Það væri mikill árangur ef við hér á landi myndum safna í þetta og styrkja t.d. mislingasprautur fyrir 10 þúsund dollara.

Ég legg til að hver einasti klúbbur íhugi þetta og athugi hvort þeir sjái sér fært að styðja þetta þó ekki væri nema fáeinir dollarar frá hverjum klúbbi þannig að allir klúbbar á Íslandi tækju þátt í þessu verkefni. Alþjóða hjálparsjóðurinn þarf á því að halda. Við þurfum stundum á honum að halda og þetta er sjóður þar sem allt sem safnast saman fer í að styrkja góð málefni til heilbrigðismála, meðal annars sjónverndarmála og flokkanna fjögurra.

Bólusetning gegn mislingum, eins og við erum að safna fyrir, gefur um 95% vörn. Þátttaka á Íslandi í bólusetningu gegn mislingum hefur verið með ágætum á undanförunum árum eða tæplega 95%.

Á þennan hátt má halda þessum alvarlega smitsjúkdómi frá landi okkar og ef við bólusetjum erlendis þá munum við fækka þessum tilvikum og kannski útrýma mislingum.

Leggjumst öll á eitt, styrkjum Alþjóða hjálparsjóðinn. Hver dollari telur.

Jón Bjarni Þorsteinsson

Minning + Björn Magnússon



Björn Magnússon fæddist í Reykjavík 15. september 1932. Hann lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 29. nóvember 2015. Björn gekk til liðs við Lionsklúbbinn Frey árið 1970.

Björn var vélstjóri að mennt starfaði á fiskiskipum og síðar sem vélfræðingur hjá Skipa og vélafélaginu í nokkur ár og gerðist síðar eigandi og framkvæmdastjóri Skipa og Vélafélagins h.f. árið 1972-1992.

Björn tók virkan þátt í störfum klúbbsins af kappi, var formaður klúbbsins og vann ötullega í fjáröflun og öðrum störfum. Hann var m.a. öflugur í merkingarferðum og fór oft í forkönnun til að kanna hvar ætti að merkja næst. Þá starfaði Björn í þágu Lions-hreyfingarinnar á Íslandi, var m.a. vinnuvarnarstjóri fjöllumdæmisins 1989-1992.

Björn var með fyrstu félögum í Frey sem var sæmdur ædstu viðurkenningar hreyfingarinnar Melvin Jones Fellow. Björn var hress og kátur félagi, gleðigjafi, ræðumaður góður, spaugsamur og ávallt með bros á vör. Við félagarnir eigum margt að minnast frá þeim árum er hann starfaði í klúbbum.

Við félagarnir kveðjum Björn með virðingu og þakklæti og sendum eftirlifandi eiginkonu hans Astrid Sigrúnu Kaaber og öðrum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

Lionsklúbburinn Frey
Guðmundur J. Helgason, formaður



Framboðsmálin

Fleiri ferðir – Meiri stuðningur

Guðrún Björt Yngvadóttir

frambjóðandi til alþjóðaforseta



Þing um allan heim

Í síðasta Lionsblaði sagði ég frá nokkrum þingum sem ég hef sótt og upplifun mína af þeim. Ferðalögin halda áfram, og enn eru nokkur þing eftir. Mér var gert ljóst í byrjun, strax þegar ég fékk yfirlýstan stuðning alþjóðaforseta og alþjóðastjórnar, að mér bæri að fara á þessi þing og sýna og sanna að ég væri verður frambjóðandi og vel til þess fallin að leiða Lions inn í nýja tíma. Einnig að verða við óskum um þátttöku í öðrum viðburðum, eins og því væri við komið. Það er ekki vandalaust að vera fyrsta konan í framboði og vera algerlega undir smásjánni. Ég skynja vel ábyrgðina og reyni að axla hana eins vel og ég get.

Ég ætla hér að rekja það helsta með myndum og stuttum texta:



USA/Canada Forum var í Grand Rapids í Bandaríkjunum september 2015. Þar hittum við Joe Marchegiani sem er okkar alþjóðlegi tengiliður, útvegaður af forsetanum, til að ráðleggja okkur með stórt og smátt í kosningarundirbúningi. Bandaríkjamenn „misstu forseta“, þ.e. fengu nú ekki annan hvern forseta eins og í langan tíma, en í sætinu sem þeir hefðu fengið var nú kona frá einhverju smáríki – átti nú heldur betur að mala hana. Settur var upp fundur með

alþjóðastjórnarmönnum frá USA, þar sem ég gat kynnt mig og síðan svarað fyrirspurnum. Var baunað á mig alls konar skrýtnum spurningum, sem karlmaður hefði aldrei fengið. Sumir fundargesta báðu mig afsökunar á þessum „réttarhöldum“, en mér fannst það í raun og veru gott að fá tækifæri til að ræða þessar hugmyndir „afturhaldsseggjanna“. Til að gera langa sögu stutta, þá endaði þetta með því að ég fékk stuðning þeirra allra.



Evrópu Forum í Augsburg í Þýskalandi í október 2015. Á dagskrá þingsins var ekkert um framboð til alþjóðaforseta, en við vorum fjórir frambjóðendurnir frá Evrópu. Hinir þrír voru enn í sárum, eftir að hafa ekki fengið stuðning, en báru sig samt ágætlega. Einn þeirra Philippe frá Belgíu, bauð mér strax aðstoð sína við mitt framboð, sem ég þáði með þökkum. Annar þeirra hafði sig lítið í frammi, sagði mér að hann væri „sjentilmaður“ og færi ekki fram gegn mér; en einn af hans stuðningsmönnum reyndi að gera lítið úr mér í ræðustóli, til að upphefja sinn mann, sem reyndar skaðaði bara orðstír hans. Var það til þess að nokkur lönd sem aldrei lýsa yfir stuðningi við neinn, ákváðu núna að styðja mig opinberlega. Á myndinni eru fulltrúar Lions í Makedóníu sem færðu mér skriflega stuðningsyfirlýsingu. Það er yndislegt að finna stuðning og velvild í okkar garð.



Leiðtogafundur í Tókýó, Japan í október 2015. Yamanda forseti óskaði eindregið eftir því að ég kæmi á fund með æðstu leiðtogum Lions í Japan og það var ekkert annað í boði

en að hlýða kallinu. Það var undarleg reynsla að tala í gegnum túlk allan tímann, mér fannst ég aldrei vita hvar ég væri stödd og erfitt að vera lifandi. Ég fékk þó stuðning allra 8 fjölmudæmanna í Japan, en þar eru Lionsfélagar 225.000. Þrátt fyrir stíf fundarhöld, þá klikka Japanir ekki á gestrisninni. Hver stund var notuð til að gera heimsóknina eftirminnilega. Hér er mér boðið í ökuferð um „gömlu Tókýó“ í gamaldags taxa (rickshaw) og Japanski Lions-leiðsögumaðurinn minn, Lion Sugawara gleymdi ekki á íslenska fánanum.



Leiðtogafundur í Taiwan í október 2015. Í þessu mikla Lions-lands, með 45.000 félaga (og aldrei fengið forseta). Þeir voru eitthvað snúnir yfir framboði mínu áður en ég kom. Ég var á fundum og kynnti mig svona 3-4 sinnum á dag í þrjá daga. Var mér vel tekið og fékk einróma stuðning við framboð mitt. Þeir voru svo þakklátir að ég skyldi koma, því fáir frambjóðendur fara til Taiwan. Fengu þeir mig til að ræða við fréttamenn á sjónvarpsstöð og spurðu þeir m.a. „Hvernig líkar þér í Taiwan“ (sem minnti á „How do you like Iceland“). Þeir eru í smá tilvistarkreppu vegna yfirráða Kína. Tam fyrrverandi forseti frá Hong Kong er á myndinni, en sitt hvorum megin erum við Choi, frá Kóreu, sem býður sig fram til 3. varaforseta.



Á þingi í Bretlandi í nóvember 2015. Þar hitti ég þessar Lionessur. Miklar breytingar standa fyrir dyrum í þeirra málum, en á næstu mánuðum verða allir Lionessuklúbbar lagðir niður í Bretlandi. Voru þær nokkuð uggandi um framtíðarverkefni sín, hvort þær muni

ganga í Lionsklúbba, stofna sína eigin Lionsklúbba, eða jafnvel bara leggja upp laupana. Það væri svo sannarlega synd, því að þær vinna mjög gott starf fyrir samfélagið og hafa skemmtilegt klubbstarf. Ég sagði þeim að minn klúbbur hefði áður verið Lionessklúbbur og að hinar tvær konurnar sem hafa verið í alþjóðastjórn frá Evrópu, kæmu einnig úr fyrrverandi Lionessklúbbum. Fyrrverandi Lionessklúbbar væru því frábær vettvangur til að þjálfa leiðtoga til æðstu embætta í Lions.



Í Bangkok, Tailandi var OSEAL Forum fyrir austur Asíu. Allt var einstaklega glæsilegt og móttökurnar strax á flugvelli engu líkar. Báru þeir okkur á höndum sér allan tímann. Allt fór vel fram og fengum við Choi bæði formlega stuðningsyfirlýsingu frá þessum löndum. Habanananda fyrrverandi forseti er frá Tailandi og átti hann sérstakan fund með okkur Choi til að gefa okkur góð ráð fyrir framtíðina. Habanananda plantaði fyrsta forsetatrénu í Ásbjarnarlundi ofan við Hafnarfjörð fyrir tæpum 20 árum, hann er einn af okkar Íslandsvinum.



„Women Dignity Week“ í Mumbai í Indlandi í desember 2015. Þá tók ég þátt í sérstakri dagskrá sem var helguð verkefnum í þágu kvenna. Ég var heiðursgestur og var falið að opna eða ljúka formlega ýmsum verkefnum. Vandamálin eru ótrúleg og frábært hvernig Lions tekur á málunum. Má nefna verkefni t.d. að setja upp kamra sérstaklega ætlaða konum í fátækum sveitum landsins, þar sem konur eru ekki óhultar fyrir kynferðisglæpum. Annað dæmi er að litlum stúlkum eru gefin hjól, til að þær komist í skóla; strákar fara með skólalábíl, en stelpurnar fá ekki far, verða oft að ganga meira en klukkutíma hvora leið eða bara sitja heima. Í Mumbai opnaði ég

líka nýja deild á stofnun fyrir fötluð börn og var settur upp skjöldur með mínu nafni. Manni er mikill heiður sýndur.



Skemmtilegt umherfisverkefni er á vegum Lions í Mumbai í samstarfi við borgaryfirvöld. Lions skipuleggur og kostar málningarvinnu skólabarna, en þau mála myndir á veggum sem annars eru oft ataðir veggjakroti. Myndirnar eru oftast af frægum teiknimyndapersónum eða einhverju sem börn þekkja úr bókum eða kvikmyndum. Börnin passa upp á að halda veggjunum sínum hreinum. Þetta er átakið „Gerum Mumbai hreina“. Hér erum við að mála Lionsmerkið – nema hvað?



ISAAME-Forum, sem er Suður- og Austur-Asíu þingið var í desember 2015 í Ahmedabad, Indlandi. Umferðin var því lík kaos og ekki fært á rútum milli staða. Þess vegna létu þinghaldarar „gestina“ fá einkabíl með bílstjóra og fararstjóra. Við Jón Bjarni fengum bíl númer 6 (í tignarröðinni) og yndislega unga konu, Lionsfélaga Renu að nafni, sem passaði upp á að við kæmumst á rétta staði á réttum tíma. Parna kláraðist Asíuhringurinn og er ég nú kominn með stuðning allra landa í Asíu.



Norðurlandþingið NSR var haldið í Rovaniemi. Þar er lögheimili jólasveinsins, segja Finnar. Yamada alþjóðafarseti hitti hann

á síðasta ári og bauð honum að ganga í Lions, sem hann þáði, þar höfum við það „Santa“ er Lions-félagi. Þetta var hefðbundið Norðurlandþing Lions, en þar stýrði ég námskeiði um „Fleiri konur í Lions“, sem var mjög vel sótt og líflegt og skemmtilegt.



Suður-Ameríku þingið FOLAC-Forum var haldið í Montevideo, Uruguay í janúar 2016. Ungu fólki kemur á þingið með börnin sín og margir skarta þjóðbúningum. Hér er ég með tveimur Lions-drengjum frá Mexíkó. Við skoðuðum merkilegan Móðurmjólkur-banka og Fyrirburaspítala sem Lions styrkir ríkulega og rekur að hluta. Við fórum í borgarstjórahöllina og sáum Yamada forseta gerðan að heiðursborgara. Tveir frambjóðendur til forseta Lions eru frá Brasilíu sem berjast ákaft opinberlega, auk þess er einn frá Perú, sem hefur sig hægan. Ég kynnti mitt framboð og fékk einróma stuðning.



All Africa Conference er afríska þingið haldið í febrúar 2016 í Lagos í Nígíeríu. Afríka er í mikilli sókn, konur eru 36% og kvenumdæmistjórar eru 29%. Í Nígíeríu eru 3 af 4 umdæmistjórum konur og fjölumdæmistjórinn er kona. Gaman að segja frá þessu, því hér stjórnaði ég fjölmennu kvennamálþingi. Við fengum að skoða stórkostlegt Lionsverkefni, en það er heimili fyrir

munaðarlaus börn, sem rekið er af miklum myndarbrag í fínu hverfi og börnin fara í góða skóla til að tryggja þeim betri framtíðarmöguleika. Börnin voru yndisleg, prúð og falleg og „amma Dúna“ stóðst ekki mátið að taka eina litla stúlku í fangið og knúsa hana dálítið. Og gaman að bæta því við að öll Afríka styður mig.

25.000 manns

Við slógum tölu á fjölda þátttakenda á þeim þingum og viðburðum sem við sækjum í vetur og er það um 25.000 manns. Ekki hefur okkur nú tekist að kynna þeim öllum, en höfum náð að komast inn í mörg mikilvæg mál og átta okkur betur á Lionsstarfinu í heiminum. Aðalmarkmiðið var náttúrulega að kynna framboð mitt og landið mitt, sem hefur verið ánægjulegt og árangursríkt. Öll þátttaka í þessum verkefnum er mikill skóli og lífsreynsla fyrir okkur bæði.



Hjartans þakkir

Það er ekki ónýtt að eiga þennan bakhjarl sem Lionsfélagar á Íslandi eru. Allur þessi stuðningur í orði og verki er alveg einstakur, við gætum þetta ekki án ykkar. Það er mikil vinna að útbúa kynningarefni, vefsíðu, bæklinga, nafnspjöld og fleira. Það er líka kostnaðarsamt að taka þátt í þessu öllu. Við

lögðum af stað í þetta ferðalag með bara okkar „mjólkurpeninga“. Það varð fljótt ljóst að þeir dygðu skammt og þá hlupu nokkrir félagar til og stofnuðu framboðsfélag, sem reynir að safna styrkjum og halda utan um kostnaðinn og allt bókhaldið. Það gengur allt vonum framár. Ég þakka af öllu mínu hjarta fyrir stuðninginn, fyrir alla hjálp hvaða nafni sem hún nefnist. Það er ómetanlegt að eiga ykkur að og ég lofa að vera ykkur öllum til sóma.



Lions í Illinois í sókn gegn sykursýki

Eftir Cassandra Rotolo

Þegar klúbbarnir í umdæmi 1J hugleiddu hvaða verkefni gæti komið sér vel fyrir samfélag þeirra í úthverfi Chicago, kom Jeri DiPasquale með hugmynd. Sonur hennar, þrettán ára, hafði greinst með sykursýki svo hún vissi að stuðningur við málefnið kæmi sér vel. Hún lagði þess vegna til við klúbbfélaga sína að þeir styddu forvarnarverkefni sykursjúkra í samfélaginu. Klúbbarnir í umdæmi 1J tóku höndum saman við EMH spítalann um að þróa verkefni sem ynni að því að koma í veg fyrir sykursýki með fræðslu og inngripi í lífstíl fólks í áhættu, og tryggðu þeir 95.275 dollara styrk úr sjóði LCIF sem sérstaklega er merktur baráttunni við sykursýki. Verkefnið miðar að því að koma í veg fyrir sjúkdóminn hjá tekjulágum einstaklingum í áhættuhópi með fræðslu og fjárstyrk. Sykursýki er orðin að faraldri í Bandaríkjunum og reyndar um heim allan. Um 29 milljónir fullorðinna Bandaríkjamanna eru með sykursýki, þar með talið eru um 7 milljónir manna sem vita ekki enn að þeir eru með sjúkdóminn. Að auki eru um 86 milljónir Bandaríkjamanna (yfir þriðjungur fullorðinna) með sjúkdóminn á forstigi sem þýðir að þeir eru í mikilli hættu á að greinast með sykursýki innan fimm ára. Ef svo fer fram sem horfir er því spáð að einn af hverjum þremur Bandaríkjamönnum verði með sjúkdóminn árið 2050. Þetta nýja samvinnuverkefni Lions og EMH leitar uppi þá einstaklinga sem eiga í fjárhagsvanda eru í áhættuhópi og jafnvel með forstigs sykursýki. Þeir sem reynast með með forstigs sykursýki fá frjá ráðgjöf hjá sérfræðingi í sérstakri fræðslumiðstöð sem starfar í tengslum við spítalann. Ef þeir svo kjósa geta þeir tekið þátt í námskeiði á vegum fræðslumiðstöðvarinnar sem hjálpar þeim að breyta um lífsstíl til þess að teyja eða koma í veg fyrir að þeir veikist af sykursýki 2. Þetta er víðtækt samfélagsverkefni sem hjálpar fólki að horfast í augu við áhættuna og draga úr henni. Lionshreyfingin skiptir meginmáli í því að verkefnið takist vel. Lionsklúbbarnir í 1J eru sex með yfir 2.300 félagar og eru nokkurs konar sendiherrar samfélagsins í málefnum sykursýkisvarna.



Lionsmaðurinn Jim Worden ræðir sjúklingsfræðslu við Julie Sanflilppo heilsuþjálfara (fyrir miðju) og Lindu Voght hjúkrunarfræðing sem báðar starfa við sykursýkivarnir á EMH spítalanum.

Þeir skipuleggja fræðslufundi, safna heilsufarsupplýsingum s.s. um þyngd og líkamsþyngdarstuðul þátttakenda og standa fyrir fjáröflunum. Með hjálp Lions og LCIF er takmarkið að a.m.k. 65 prósent þátttakenda léttist til frambúðar og að blóðsykur haldist stöðugur eftir að námskeiði lýkur. Lionsklúbbarnir í umdæmi 1J vinna ötullega að því að bæta heilsufar samfélagsins og sanna að þrjátíu gramma forvörn jafngildir hálfu kíló af heilsubót.

Upplýsingar um styrkveitingar til sykursýkisvarna má finna á lcif.org.

Þýðing: Edda Briem

„BÖRN Í NEYÐ“

Hvað getum við gert?

Guðmundur Helgi Gunnarsson

Fjölumdæmisstjóri



Kæru Lionsfélagar
Fátt er meira í umræðunni þessa dagana en flóttafólk og þær óhugnanlegu aðstæður sem fólkið býr við. Hér er um að ræða fólk sem hefur þurft að flýja heimili sín aðstæðna vegna en stór hluti þess hóps eru börn á ýmsum aldri og lifa þau við mjög kröpp kjör í tjöldum og öðrum hreysum. Algennt er að sjá börnin ösla snjó og slabb klæðalítill jafnvel á náttfötum einum klæða og að auki berfætt. Hreinlætið er svo í takt við aðstæður. Það er sárara en tárur taki að horfa upp á slíkar aðstæður barna á okkar tímum. Lýsingin hér að framan á við ástand sem sýrlensk börn búa við í flóttamannabúðum í Líbanon og nauðsynlegt er að bregðast skjótt við til að bæta aðbúnað þeirra.

Eitt af aðalmarkmiðum Alþjóðaforseta Lionshreyfingarinnar DR. Jitsuhiro Yamada er velferð barna og voru honum kynntar hugmyndir Norðmanna og Svía um samnorrænt verkefni til styrktar börnum í neyð á Evrópu þinginu í Augsburg í okt. s.l.. Hann fól því norskum Lionsfélögum þeim Kay Arne Sörensen fjölumdæmisstjóra MD 104 og Svein Berntsen alþjóðastjórnarmanni að leiða verkefnið „BÖRN Í NEYÐ“. Verkefninu er ætlað að hjálpa sýrlenskum börnum á sínu heimasvæði en miðað er við að útvega tjöld, svefnpoka og mikil þörf er á hlýjum klæðnaði, sokkum og skóm auk nauðsynlegra lyfja. Lögð verður áhersla á að finna húsnæði fyrir skólahald og byrja eins fljótt og hægt er að bjóða þeim skólagöngu. Á NSR þingi sem haldið var í Rovaniemi í Finnlandi í janúar s.l. héldu fjölumdæmisstjórar Norðurlandanna aukafund þar sem verkefni þetta er mjög brýnt og nauðsynlegt að hefjast handa strax.



Þar var ákveðið að setja í gang vinnunefnd með einum fulltrúa frá hverju Norðurlandanna til að hefja verkefnið svo ekki þyrfti að bíða ákvörðunar fjölumdæmisstjórafundar á alþjóðþinginu í Japan í sumar. Fulltrúi Íslands í nefndinni er Árni Brynjólfur Hjaltason vara fjölumdæmisstjóri. Starfstími nefndarinnar er frá 1. febrúar til 1. apríl 2016. Fjölumdæmisstjórn ákvað á fundi sínum í janúarbyrjun að sækja um styrk að upphæð 500.000 í Íslenska Verkefnasjóðinn fyrir þetta verkefni og var það samþykkt. Framlag Íslands var kynnt á fundi fjölumdæmisstjóra í

Finnlandi sem styrkur fyrir þetta ár. Ef Íslenskir Lionsklúbbar hafa hug á að styrkja þetta verkefni er hægt að leggja inn á reikning Íslenska verkefnasjóðsins merkt verkefninu „BÖRN Í NEYÐ“ og mun Lionsskrifstofan koma þeim fjármunum í réttar hendur. Verkefni þetta er hugsað sem þriggja til fimm ára verkefni.

Meðfylgjandi myndir tók norskur Lionsfélagi Einar Lyngar en hann hefur unnið einstakt starf í þessu verkefni.

Lionsklúbbur Skagafjarðar – Landgræðsluverkefni



Ragnar Gunnlaugsson og Arnór Gunnarsson við myndarlegt rofabarð. Tekin 30.9.2014.



Búið að dreifa úr heyi á grýtta jörð. Tekin 30.9.2014.



Heyrúllur bíða dreifingar. Tekin 21.6.2010.



Rúllurnar komnar á sinn stað. Bjarni Maronsson tók myndir 1 til 7.



Stund milli stríða. Kampakátir Lionsmenn. Tekin 21.6.2010.



Fr.v. Steinn Rögnvaldsson, Sigurður Sigfússon og Arnór Gunnarsson.



Hér sést hvað við er að eiga.



Á upphafsdegi uppgræðsluverkefnis 25.6.2005. Aftari röð f.v. Kristján Kristjánsson, Arnór Gunnarsson, Smári Borgarsson, Steinn Rögnvaldsson, Sigurður Sigfússon. Fremri röð f.v. Gunnlaugur Tóbiasson, Grétar Símonarson, Árni Sigurðsson, Helgi Sigurðsson, Borgar Símonarson.



Mikið um að vera á Goddalafalli. Örn Þórarinnsson tók myndir 8, 9, 10, og 11.

Frá Lionsklúbbi Seltjarnanes



Afhending sjónvarps, Kristján Georgson frá klúbbnum til vinstri ásamt forstöðumanni stuðningsheimilisins.



Eitt af spilaborðunum.



Gunnar H. Pálsson 80 ára.

Við hjá Lionsklúbbi Seltjarnanes afhentum 17. des. heimili með stuðning á Sæbraut 2 Seltjarnanesi sjónvarp að gjöf. Það var í nafni eins félaga okkar Gunnars H. Pálssonar sem varð 80 ára þann dag.

Einnig mættum við sama dag í Lionsklúbbi Seltjarnanes á „Litlu jólin“ hjá félagi eldri borgara á Seltjarnanesi á Skólabraut og afhentum þeim að gjöf 6 ný spilaborð, þáðum við þar kaffi og meðlæti á eftir. Okkur var að sjálfsgöðu boðið á spilakvöld við fyrsta tækifæri sem við

þáðum með þökkum. Við höfum mætt hjá þeim einu sinni á ári og spilað með þeim félagsvist og það hefur verið mjög gaman að spila með gamla fólkinu. Gömlu spilaborðin voru að hrúni komin og kominn tími á ný borð.

*Kveðja,
Jón Páll Ásgeirsson
Lionsklúbbi Seltjarnanes.*

Ferðasaga og vangaveltur um lög Lions

Ingimundur Andrésson

Fyrrv. umdæmisstjóri 109 B



Við hjónin dvöldumst yfir jól og áramót í sólarhitnum á Tenerife í bæ sem heitir Santiago ásamt tveim börnum okkar tengdabörnum og barnabörnum.

Ég rak augun í Lionsmerki á húsi skammt frá hótelinu þar sem við bjuggum, og síðar er við vorum á göngu þar framhjá var opið hjá þeim. Þetta er enskumælandi klúbbur í honum eru 15 manns.

Þeir starfrækja nytjamaðkað þar sem þeir

taka við flestu því sem fólk lætur af hendi, og koma því svo í verð. Þetta er að mér skyldist bakfiskurinn í þeirra fjáröflun.

Það var reglulega gaman að tala við Lionsfélagana sem þarna voru að störfum, m.a. sögðu þeir okkur að í fyrstu hafi verið veruleg vandkvæði á að aðstoða einstaklinga því fjölskylduböndin væru þannig að slíkt ætti að leysa innan fjölskyldunnar, en heldur hafi þetta þó breyst í gegnum árin.

Við Ingimundur Óðinn tengdasonur okkar, (hann er félagi í Lionsklúbbum Fjörgyn), sögðum þeim undan og ofan af Lions á Íslandi og í framhaldinu sendi ég þeim fánann minn, ég hef ekki enn fengið viðbrögð frá þeim þegar þetta er skrifað.

Vangaveltur um lög Lions:

Nú er starfsárið hálfnað og sólin byrjuð að hækka á ný. Það er okkur öllum félögum í Lionshreyfingunni mikið fagnaðarefni að lokið er við að þýða lög þau sem öll Lionshreyfingin á að starfa eftir. Það hefur ekki verið til heilstæð þýðing á lögnum og heldur ekki starfslýsingar fyrir alla embættismenn á íslensku til þessa.

Vonandi verður þessu öllu lokið fyrir þingið nú í apríl. Það færi vel á því að

hreyfingin á Íslandi væri farin að vinna fullkomlega eftir lögnum þegar hreyfingin verður 100 ára 2017. Mér finnst að á það hafi skort, að lögum hreyfingarinnar hafi verið fylgt eins og verðandi umdæmisstjórar vinna eið að þegar þeir taka við embætti. Þá er það oftast tregða eldri félaga að fara í einu og öllu eftir lögnum og raddir hafa heyrst um að þetta henti okkur ekki hér uppi á klakanum. Þessum hugsunarhætti þarf að breyta.

Það eru í raun umdæmisstjórnir sem velja sér samstarfsmann (í þýðingunni er fjölumdæmisstjórinn kallaður formaður umdæmistjóraráðs). Þeir geta samkvæmt nýþýddum lögum valið fyrrverandi eða starfandi umdæmisstjóra til að sinna fjölumdæminu eða þá skipt fjölumdæmisstjóranum á milli sín t.d. sinn helming starfsársins hvor. Það er ódýrasta lausnir fyrir hreyfinguna. Það er trúlegt að boðið verði fram með eldra fyrirkomulagi í þetta skipti því lögin hafa ekki verið samþykkt formlega.

Að lokum óska ég Guðrúnu Björt góðs gengis í hennar hörðu baráttu til embættis 2. vara alþjóðaforseta Lions.

*Með Lionskveðju
Ingimundur Andrésson*

Fréttir frá Lionsklúbbi Hveragerðis

Lionsklúbbur Hveragerðis hélt fund á Frost og Funa í Hveragerði mánudagskoldið 25. janúar. Var jafnframt haldið upp á afmæli klúbbsins en hann varð 46 ára þann 22. janúar og var af því tilefni boðið upp á þrír rétta afmælskvöldverð.

Elva Dögg Þórðardóttir eigandi Frost og Funa hélt erindi um sögu og þróun fyrirtækisins. Fram kom hjá henni að reksturinn hefur gengið vel og búið að leggja mikla vinnu í endurbætur á staðnum á síðustu árum. Mikill metnaður er lagður í að viðhalda þá sérstöðu sem hið fallega umhverfi býður upp á m.a. með steinhleðslum utandyra, heitum pottum og leirbaði. Hún er nýlega búin að kaupa gamla þinghús Ölfusinga sem gekk áður undir nöfnunum Hótel Hveragerði og Ljósbrá. Gömlu brýnin í klúbbnum þekktu vel sögu þinghússins og miðluðu töluvert af þekkingu sinni. Á fundinum var einnig tekinn inn nýr félagi en það var Baldvin Nielsen.

Lionsklúbbur Hveragerðis er ört vaxandi klúbbur. Meðal verkefna hans eru; útgáfa fréttabréfs sem dreift er inn á öll heimili í bænum,

upplýsingaskilti og kort við innkomu í bæinn, jóladansleikur á Hótel Örk þar sem börnum bæjarins er boðið að koma og dansa kringum jólatréð með jólasveinunum, stórtónleikar í Hveragerðiskirkju um páskaletíð og margt annað fleira. Af þessu sést að mikið er um að vera í klúbbnum.

Núverandi stjórn klúbbsins skipa; Vilmundur Kristjánsson formaður, Kristinn G. Kristjánsson ritari og Sigurbjörn Bjarnason gjaldkeri.

Siðameistari er Birgis S. Birgisson, stallari er Guðmundur Guðmundsson, fjölmiðlafulltrúi er Daði Ingimundarsson og endurskoðandi er Júlíus Kolbeins. Svæðisstjóri þetta starfsárið kemur frá okkur en hann er Rögnvaldur Pálmason og erum við afar stoltir af því. Ljósmyndir tók Baldvin Nielsen

Vilmundur Kristjánsson



Skilafrestur skráninga á Lionsþingið í Mosfellsbæ er til 30. mars. Heimasíða lionsþingsins er www.lionsmos.is/thing

Fræðslukorn

Alþjóðahjálparsjóður Lions var stofnaður árið 1968. Markmið hans er að styrkja stór og mikil mannúðarverkefni sem að Lionshreyfingin stendur að, eins og sjónvandamál, ungmenni, fötlun, heilsu og mikla hörmungar atburði.

Síðan að Alþjóðahjálparsjóður Lions var stofnaður eða LCIF eins og hann er nefndur í daglegu máli hefur hann á þessum tæpum 50 árum gefið US\$30 milljón á ári að meðaltali sem gera um það bil 3.900.000.000 íslenskar krónur. Hver einasta króna sem er gefin til LCIF fer eingöngu til mannúðarverka.

Á þessum 48 árum er LCIF sjóðurinn orðin einn af virtustu góðgerðarsamtökum á alþjóðavettvangi. Lionshreyfingin hefur getað gert þetta vegna gjafmildar lionsfélaga og/eða annarra góðra manna og kvenna og vegna ábyrgðar okkar í fjármálum.

Styrktaraðilar geta verið öruggir um að þeir fjármunir sem að LCIF er falið munu styðja við og styrkja frumkvæði að breyttum og bættum samfélögum og breyta lífi fólks til hins betra. LCIF sjóðurinn fær engan hlut félagsgjalda lionsklúbba.

*Þýðandi: Sigfríð Andradóttir
Lkl. Búðardals*



Frétt frá Lionsklúbbunum Ægi og Fjölni



Á Grensásdeild Landspítalans er unnið gífurlega mikilvægt starf og sinnir deildin fjölbreyttum hópi sjúklinga sem eiga það sameiginlegt að hafa tapað færni tímabundið, eftir slys eða alvarleg veikindi. Til að bæta möguleika þessa fólks er mikilvægt að á deildinni séu til staðar nýjustu tæki til endurhæfingar. Á síðasta ári tóku tveir Lionsklúbbar, Ægir og Fjölnir í Reykjavík höndum saman ásamt Agli Ágústsyni fyrrverandi forstjóra Ísam og hófu söfnun fyrir tækjum til endurhæfingar á Grensásdeild Landspítalans. Var hið árlega kúttmagakvöld Lionsklúbbanna árið 2015 tileinkað þessari söfnun sem Lionsklúbburinn Ægir hefur haldið í fast nær 50 ár. Ægir og Fjölnir hafa starfað síðustu fimm árin saman að kvöldinu. Kúttmagakvöldið er herrakvöld þar sem fram er borið eitt mesta úrval sjávarfangs sem gerist í landinu, ásamt skemmtiatriðum, happdrætti og málverkaupboði, allt unnið í sjálfbodaliðavinnu. Egill, sem notið hefur umönnunar deildarinnar, fór í forsvari hópsins og leitaði til ýmissa fyrirtækja um stuðning, sem tóku málefninu einstaklega vel.

Fjármunirnir sem söfnuðust fóru í að kaupa tæki fyrir eftirfarandi deildir:

HJÚKRUN: 17 stk. sjúkrarúm, 15 stk. dýnur í sjúkrarúm, 2 stk. loftdýnur og 5 stk. náttborð.

IDJUPJÁLFUN: 7 stk. hjólastólar, 2 stk. sessur, 1 stk. skaftryksuga og juðari.

SJÚKRAÞJÁLFUN: 1 stk. tölva í Lokomat, 1 stk. meðferðabekkur 106 cm og 1 stk. meðferðabekkur 120 cm 1 stk. þrekhljól 2 stk. sturtustólar í sundlaug, trissa ásamt trissubekk. sem er sérstakt tæki fyrir þjálfun á öxlum, 2 stk. fóta- og handhljól og 2 stk. háar göngugrindur.

TALMEINAPJÓNUSTA: Tæki sem styrkir öndun, rödd og kyngingu, ISO þjálfí til kyngingar, tungustyrkarmælir og máhljóðapróf PM.

Verðmæti gjafa eru rúmar 16 milljónir króna.

Það er Lionsklúbbunum Ægi og Fjölni mikill heiður að fá að koma að söfnun og aðkomu að þessari styrkveitingu sem ásamt fjölmörgum styrktaraðilum gerir Grensásdeild Landspítalans enn betur í stakk búna til að halda ótraud áfram í því mikla og mikilvæga starfi sem deildin sinnir og hefur komið svo ótal mörgum einstaklingum út í lífið á ný.

Föstudaginn 15. janúar fór fram afhending á Grensásdeild Landspítalans á þeim tækjum sem fjársöfnunin stóð á bakvið og óskuðu Lionsklúbbarnir Ægir og Fjölnir ásamt styrkveitendum deildinni velfarnaðar í því mikilvæga starfi sem að hún sinnir. Einnig vilja allir aðilar þakka þeim fyrirtækjum sem studdu við tækjakaupin sérstaklega fyrir alla hjálp og stuðning.

- Egill og Hildur Einarsdóttir
- Páll Eiríksson, (í minningu afa síns, Tómasar Árnasonar)
- Bygg ehf. (Byggingarfélag Gunnars og Gylfa.)
- Bílaumboðið Askja
- Samskip
- VÍS
- Ísam
- Lýsi
- Ísfélagið
- Fastus
- Arina
- Arion banki
- Íslandsbanki



Lionsfélagi mánaðarins

Nafn, aldur og starf:

Thelma Rós Kristinsdóttir, 34 ára verslunar-eigandi og skrifstofustjóri Fagvís fasteignamiðlunar

Nafn maka:

Arnar Stefánsson

Heimili:

Hraunbæ 8, 810 Hveragerði

Ökutæki:

Jeep Cherokee

Klúbburinn minn:

Lionsklúbburinn Eden



Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins?

Þau eru að láta gott af okkur leiða í okkar nærumhverfi og skemmta hvor annari á okkar frábæru fundum.

Fjáröflun:

Undanfarin ár höfum við tekið þátt í vörutalningum hjá Hagkaupum, haldið jólaball og bakað flatkökur fyrir jólaúthlutun mæðrastyrksnefndar.

Sérkenni:

Sérkenni klúbbsins er að hann er skemmtilegasti klúbburinn á landinu, með fjögugustu félögunum.

Hvað er eftirminnilegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt):

Þegar við rústuðum Lkl. Hveragerðis í árlegri keiluféð klúbbanna núna í haust !

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi?:

Ég er stoltust af því að fá að vera hluti af þessari stóru heild sem Lions er í heiminum, stolt af því að þegar náttúruhamfarir eða aðrar hamfarir geysa þá er Lions oftast fyrstir til að bregðast við með peningaaðstoð, vatni, teppi, svefnpokum og fleira. Ég er líka stolt af því að vera stofnfélagi í mínum klúbbi og að hafa fengið að fylgjast með klúbbnum mínum stækka og blómstra og verða það sem hann er í dag.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum?:

Nei bara bæta við okkur nokkrum félögum í viðbót.

Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi?:

Foreldrar mínir eru Lionsmenn og ég hef alltaf verið mikið í kringum þessa dásamlegu hreyfingu, fór alltaf sem krakki og gekk í hús með pabba að selja jólaljósá perur, nammidagatöl og fleira skemmtilegt. Það var í raun aldrei spurning hvort heldur hvenær ég yrði félagi í Lions og þegar tækifærið gafst á að stofna kvennaklúbb þá stökk ég á það að fá að vera félagi. Ég hef verið félagi frá því í febrúar 2009.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum?:

Ég myndi sekta þær sem hlæja ekki að minnsta kosti einu sinni á fundi.

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?:

Allt sem inniheldur kjúkling

Hver eru áhugamálin hjá þér?:

Mér finnst rosalega gaman að fönðra, þrjóna, ferðast um landið okkar á gömlum þreyttum Bens húsbíl, lesa góðar bækur og auðvitað að eiga góðar stundir með fjölskyldu og vinum.

Hvað er gott við að vera Hvergerðingur?:

Þú þekkir flesta og flestir þekkja þig.

Eitthvað að lokum?:

Nei ég held bara ekki.

Nokkrar myndir úr starfi Lionsklúbbsins Emblu í lok árs 2015



Dansað af hjartans list á Emblu diskóteki 24. okt. 2015.



Það eru allir svo kátir og skemmta sér konunglega á þessum diskótekum.



Svo var endað á kaffihlaðborði eftir að dansi lauk og allir fóru ánægðir heim.



Jóla kortasala er stóra fjáröflunin okkar og hér þakka kortum þær, Þórunna, Sigríður, Unnur og Ingibjörg Jóna.



Svo þarf að telja kortin og þessar tær tók það að sér, og eru nokkuð kátar með það hlutverk.



Konukvöld sem tókst mjög vel. Vigdís Hauksdóttir var veislustjóri og hér eftirlætur Guðmunda Auðunsdóttir, formaður Vigdísu völdin.



Það var flott tískusýning frá versluninni Lindinni á Selfossi, og þær sem sýndu voru, Unnur Jónasdóttir, Þuríður Þórmundsdóttir, Dagrún Másdóttir, Sigurbjörg Hermundsdóttir og Hjördís Inga Sigurðardóttir, og lengst til hægri er Kristín Hafsteinsdóttir eigandi Lindarimmar.



Þórunna Ingólfsdóttir, fór á kostum að segja okkur sögur og brandara, flott Emblukona.



Hér þakkar Guðmunda formaður þessum heidurs mæðgum, Kristjönu Björgu Júlíusdóttur og Sonju Eyfjörð Skjaldardóttur fyrir konukvöldið sem þær stóðu fyrir ásamt fleiri góðum Emblu konum.



Lionsklúbburinn Embla ásamt Lionsklúbbsi Selfoss stóðu fyrir blóðsykursmælingu 14. nóv. 2015 og er Margrét Kristjánsdóttir, að mæla hjá einum af mörgum sem komu.



Jólafundinn okkur köllum við Hungurfund og þá er borðaður góður matur.



Allar fengu jólapakka og hér eru þær ánægðar með sína, þær Krisín Þorfinnsdóttir og Sigríður Karlsdóttir.

Sagan Lionsklúbburinn Eir



Lionessklúbburinn Eir var stofnaður 14. apríl 1984 af Lionsklúbbum Víðarri sem leiddi okkur fyrstu sporin. Eir var fyrsti lionessklúbburinn í Reykjavík en sá fjórði á landinu og voru fleiri lionessklúbbar stofnaðir í kjölfarið. Fyrsti formaður okkar var Þórunn heitin Gestsdóttir en undir styrkri stjórn hennar óx klúbburinn og dafnaði og markaði sér ákveðna stefnu. Þegar lionessurnar urðu fleiri á landinu fórum við að vinna saman að ýmsum málum, héldum landsþing lionessa og skráðum Grundvallarlög Lionessa. Allir lionessklúbbarirnir sameinuðust um að veita þáverandi forseta Íslands, frú Vigdísí Finnbogadóttur, Melvin Jones orðuna, æðstu viðurkenningu Lionsshreyfingarinnar, og vorum við stoltar af því framtaki.

Á þessum árum voru konur ekki með full réttindi innan lionsshreyfingarinnar og lagalega vorum við „verkefni“ lionsklúbba, en þeir báru ábyrgð á öllum okkar verkefnum. Viðarrsmenn studdu dyggilega við bakið á okkur og voru okkar bakhjarl og við höfðum alltaf frjálsar hendur með verkefni okkar.

Við ákváðum í upphafi að gera okkar aðal styrktarverkefni að vinna gegn eiturfjögum og öðrum vímuefnum. Fáir trúðu að þetta væri vandamál á Íslandi en því miður er og var annað uppi á teningnum. Mörg samtök voru stofnuð til að vekja athygli á nauðsynlegum aðgerðum og má þar nefna samtökin Vímulausa Æsku, sem við studdum frá upphafi svo og unglingaheimilin og vímuvarnardeild lögreglunnar í Reykjavík sem við höfum stutt með fjáröflun okkar alla daga síðan. Alþjóðadeild Lions þróaði námsefni fyrir skóla, Lions Quest, sem var þýtt á íslensku og útbúið til notkunar í þessari baráttu. Skólastjórar og kennarar grunnskólanna sáu um að vinna þetta námsefni með foreldrum barnanna. Í sumum skólum voru hlutar þessa námsefnis kennt í lífsleikni í unglingadeildum.

Okkar fyrsta fjáröflun var sala á bolum fyrir fyrsta Reykjavíkur maraþonið 1984 en mörg önnur skemmtileg fjáröflunarverkefni rak á fjörur okkar.

Árið 1987 bar það til tíðinda að á alþjóðþingi Lions var samþykkt að konur gætu gerst lionsfélagar. Við létum því til skarar skrifa og sóttum um fullgildingu undir styrkri stjórn þáverandi formanns, Þórhildar heitinnar Gunnarsdóttur.

Stofnskrárdagur Lionsklúbbsins Eirar er 12. janúar 1988.

Við höfum haldið áfram að styðja baráttuna gegn vímuefnum og er það okkar aðal verkefni enn í dag, en lionessklúbburinn Eir var með í undirbúningsvinnu við meðferðarheimilið í Krýsvík árið 1985. Þá tóku félagarnir ásamt fjölskyldum sínum til hendinni við að moka



kindaskít og glerbrotum út úr herbergjum hússins, ásamt því að mæta svo seinna og mála allt hátt og lágt. Næstu árin gróðursettum við tré og sáðum fyrir lúpínu og stóðum fyrir uppsetningu á rafgjirðingu til að varðveita væntanlegan trjálund við meðferðarheimilið.

Líkt og aðrir lionsklúbbar á Íslandi höfum við í Lionsklúbbum Eir unnið að ótal öðrum líknarmálum, eins og til dæmis farið reglulega í heimsókn á hjúkrunarheimilið Skjól, fært þeim bakkelsi og glatt með hljóðfæraleik og söng.

Helsta fjáröflun Eirar kvenna er kvikmyndasýning sem eigendur Laugarásbíós hafa verið svo elskulegir að gefa okkur forsýningu að en þeir eru líka með aðgang að sal í Háskólabíó sem við höfum fengið forsýningu í.

Það er gefandi að vera í Lions, hjálpa öðrum og maður eignast góða vini.



Lionsklúbbur Laugardals



Hilmar Einarsson klúbbsfélagi í forgrunni.



Á Þorláksmessu stóð klúbburinn fyrir skötu- og saltfisksveislu og mættu í hana um hundrað manns.

Í tengslum við jólamarkað sem haldinn var á Laugarvatni fyrsta ísunnudag í aðventu stóð klúbburinn fyrir blóðsykursmælingu hjá þeim sem það vildu. Einnig seldi klúbburinn flotkertir sem fleytt var á vatninu eftir að kveikt var jólatréi sem klúbburinn sér um ljósina á.

Fleytingin tókst vel í frábæru veðri að viðstöddu fjölmenni

Á fundi klúbbsins 13. janúar sem haldinn var á Hlíðuloftinu í Efstadal II var svo afgangurinn af skötunni og saltfiskinum snæddur.

Umdæmisstjóri 109A Jón Pálmason mætti á fundinn og hélt yfir okkur hvatningarorð.

Einnig mættu svæðisstjóri svæðis 4 í 109A, Rögnvaldur Pálmason og frú.

Á fundinum var Hilmar Einarsson einn af stofnfélögum klúbbsins gerður að Progressive Melvin Jones félagi fyrir farsæl störf og þjónustu fyrir klúbbinn.



Á myndinni er formaður klúbbsins Smári Stefánsson að næla pinna í Hilmar þessu til staðfestingar.



Aldarafmæli Lions 2017

Einar Þórðarson

PDG-109A, PDG-109B



Lionshreyfingin verður 100 ára á næsta ári, 2017. Haldið verður upp á afmælið með ýmsum hætti, bæði á alþjóðavísu og landsvísu. Í afmælisnefnd á Íslandi eru Guðrún Björt Yngvadóttir f.h. fjöllumdæmis, Einar Þórðarson f.h. A-umdæmis og Tryggvi Kristjánsson f.h. B-umdæmis. Peirra hlutverk er að hvetja Lionsklúbba á Íslandi til að taka þátt í aldarafmælinu, en það er hægt að gera á ýmsa vegu. Hér eru nokkrar hugmyndir:

- Alþjóðlegt aldarafmælisverkefni: Sett hafa verið markmið í fjórum aðal verkefnaflokkum Lions, sem Lionsklúbbar og umdæmi vinni að í tilefni afmælisins: 1) Börn og ungmenni. 2) Sjónvernd. 3) Umhverfisverkefni. 4) Að draga úr hungri.
- Á eftirfarandi vefsíðu er að finna upplýsingar um sameiginleg afmælisverkefni

allra Lionsumdæma, allra Lionsklúbba og allra Lionsfélaga í heiminum: <http://lions100.lionsclubs.org> Þar eru góðar hugmyndir að verkefnum, sérstaklega fyrir klúbba.

- Hvert Lionsland getur farið þær leiðir sem best hentar, en stungið er upp á nokkrum leiðum:
 - Útbúa bók um Lionshreyfinguna sem spannar sögu Lions, með myndum og stuttum skýringartextum. Leggja áherslu á léttleika og líflega uppsetningu.
 - Þjóða þjóðþekktum einstaklingi að vera Lionsfélagi einn dag og taka þátt í verkefnum með Lionsklúbbum. Taka myndir og sýna, til að kynna fjölbreytileika Lions.
 - Útbúa Lions-kvikmynd. Hafa veglega frumsýningu og bjóða gestum, ekki síst þeim sem klúbbar hafa verið í samstarfi við.
 - Safna saman munum og minjum sem tengjast sögu Lionsklúbba.
- Kynningarátak: Aldarafmælið býður upp á einstakt tækifæri til kynninga á Lions, einnig skráningu sögu Lionsklúbba, endurskoðunar á starfinu og að byggja upp sterkari hreyfingu.
- Félagapróun: Umdæmi, svæði og klúbbar eru hvött til að setja sér markmið um jákvæða félagapróun, þ.e. að fjölga klúbbfélögum. Það hefur sýnt sig að öflugustu klúbbarnir eru að jafnaði með 25-30 félagum.
- Vinna í að stofna nýja klúbba, því stöðugrar endurnýjunar er þörf og nýir klúbbar koma með ferskt blóð inn í hreyfinguna. Má



gjarna horfa til fleiri klúbba-tegunda. Við höfum kvenna- og karlklúbba, blandaða klúbba og fjölskylduklúbba, netklúbba og stúdentaklúbb. Sérstök áhersla er lögð á að fjölga konum og ungu fólki.

- Byggjum upp fjölbreytt klúbbastarf og gerum það aðlaðandi fyrir nútímafólk. Við tökum opnum örmum á móti þeim sem vilja starfa í Lions og lokum engum dyrum.
- Aldarafmælislagorð: Lions í 100 ár - Þar sem þörfin er, þar er Lions.

Þetta er aðeins lítill hluti af hugmyndum sem klúbbar geta notað til að halda upp á aldarafmæli Lionshreyfingarinnar. Ég hvet klúbba til að setja sér markmið á þessu starfsári og vinna að þeim á næsta starfsári, því það starfsár verður aldarafmælis-verkefna árið, sem lýkur svo með afmælisveislum um allan heim sem standa fram til 2018.

Með kveðju, Einar Þórðarson
Fulltrúi A-umdæmis í aldarafmælisnefnd.

Minning + Albert Finnbogason



Mætur og góður félagi Albert Finnbogason húsasmíðameistari gekk til liðs við Lionsklúbbinn Frey árið 1971. Hann var dugandi og áhugasamur lionsfélagi allan þann tíma sem hann starfaði í klúbbnum, var m.a. formaður, tók virkan þátt í starfi klúbbsins við fjáröflun og fleiri störf.

Albert var formaður merkingarnefndar klúbbsins til margra ára og ferðaðist mikið um landið með félögum sínum við undirbúning merkinga. Fyrir störf sín var hann sæmdur æðstu viðurkenningar hreyfingarinnar Melvin Jones Fellow.

Albert sem var húsasmíðameistari að mennt stofnaði m.a. fyrirtækið Akurey hf. og tók síðar alfarid við Hallgrímskirkju árið 1978 og sá um allar framkvæmdir fyrir kirkjuna á meðan hans naut við.

Eiginkonu sína Sólveigu Ingibergsdóttur missti Albert árið 2009 og tveimur árum síðar hætti hann í klúbbnum vegna veikinda. Var hann þá gerður að heiðursfélagi Freys.

Albert fæddist í Reykjavík 27. janúar árið 1940. Hann andaðist á Droplaugarstöðum 18. september 2015.

Við félagarnir kveðjum Albert með virðingu og þakklæti og sendum aðstandendum innilegar samúðarkveðjur.

Blessuð sé minning hans.

Lionsklúbburinn Frey
Guðmundur J. Helgason, formaður

Sumarferð Lkl. Víðarrr norður á Melrakkaslétu 2015



Það var hress hópur sem hittist kl. 09:00 laugardagsmorguninn 4. júlí hjá Umferðamiðstöð SBA-Norðurléiðar á Akureyri. Voru þar komnir 20 Víðarrrfélagar ásamt jafn mörgum mökum, tilbúnir að leggja í rútuferð um Þingeyjarsýslu með áherslu á Melrakkaslétu þaðan sem undirritaður er ættaður – var og titlaður fararstjóri.

Veðrið var í fína lagi, 14° hiti, logn og sólskin. Ferðin var skipulögð þannig að hver og einn réði för sinni til og frá Akureyri – og margir sáu sér leik á borði og spiluðu golf á Akureyri bæði fyrir og eftir ferðina; aðrir óku austur fyrir land að ferð lokinni og enn aðrir tóku tjöld sín og prímusu og buðu frúnni upp á vindsæng í skjóli laufgaða skóga eins og í den tid.

Þetta var sem sagt 40 manna hópur og meðferðis var nesti – blautt og þurr, söngtextar ásamt nikku og góður húmor.

Fyrsti áningastaður var Þorgeirskirkja við Ljósavatn. Þar fórum við inn og rifjaður upp sá atburður er Þorgeir ljósvetningagoði lagðist undir feld á Þingvöllum árið 1000 og ákvað, er hann skreið undan húðinni, að allir Íslendingar skyldu hafa eina trú – kristni – en þeir sem endilega vildu mættu blóta á laun. Svo fór hann heim – henti goðunum í fossinn (Goðafoss) og allir voru kátir með þetta fyrirkomulag – eða þar til nú að fólk telur sig ekki lengur þurfa á Kristni að halda – (sbr. manninn sem ákallaði Guð er hann var að drukkna í ánni og er hann náði bakkanum – kallaði hann á Drottinn og sagði það óparft fyrir hann að ómaka sig við hjálpina – hann hefði náð landi!). Alþingi ákvað svo að gefa nýja kirkju þarna á einn hólinn til að minnast 1100 ára kristni í landinu.

Næsti áfangi – Samgönguminjasafnið í Kinninni, féll niður þar sem hópurinn var þegar orðinn of seinn miðað við dagskrá. Því var haldið rakleiðis á reit þrjú: heimsókn til Guðmundar Bjarnasonar, eins félaga okkar og konu hans Vigdísar Gunnardóttur í spánýjan sumarbústað við Árbót í Aðaldal. Þar var ekki á kot vísað – drykkir í hverju horni og borð undirlögð hvers kyns góðmeti sveitarinnar – ostar og annað veisluálegg ofan á kexi og öðru kruðerí. Bústaðurinn höll líkastur með útsýni yfir allan Aðaldal – eina fegurstu sveit landsins. Þarna nutum við veðurblíðunnar og veitinganna og erfitt að slíta sig frá staðnum.

En nú dugði ekkert doss – Lionsklúbburinn á Húsavík var tilbúinn með þessa líka forlata fiskisúpu, ekki aðeins saðsama heldur svo góð að fólk fór þrjár og upp í fjórar ferðir – án þess þó að það sæi borð á pottinum hjá Árna Vilhjálmssyni – klúbbverja Húsavíkinga sem séð hefur um þennan rétt fyrir þá svo lengi sem elstu menn muna eða frá dögum Náttfara. Fólk fræddist um staðinn og sá myndband félaganna af staðnum og velsæld draup af hurvu andliti – því – ofan í kaupíð var brostið á sunnan vindur og sólskin – hiti 22°. Svona veður þekkjá Reykvíkingar ekki nema af afspurn en við sem tróðum forðum slóðir þar nyrðra – sögðum spekinglega „það er bara komið sæmilegt veður“. Guðmundur Bjarnason og Haukur Harðarson félagar okkar frá Húsavík, messuðu og blessuðu staðinn og allir vita nú allt um Húsavík.

Það kostaði ærið erfiði að fá fólk aftur upp í rútna skal ég segja ykkur – en það tókst og nú var stefnan tekin norður á Tjörnes hvar áð var við útsýnisstað Vegagerðarinnar. Blíðuveður – útsýni yfir haf og haudur, bjór tekinn fram og enginn vildi halda áfram. Það gekk auðvitað ekki enda hvergi hægt að tjalda á bjargbrúninni – og stefnan tekin á Ásbyrgi. Og ekki batnaði ástandið – hitinn rokinn upp í 26° og logn og fuglasöngur og ilmur af reyni og björk fylltu vitin. Samt höfðum við okkur niður að tjörninni og þar var sest og spjallað og notið þess að vera til.

Jæja – undirritaður vissi að nú færi að harðna með veðráttuna enda Melrakkasléttan framundan. Við ókum um Kópasker og sagt frá staðnum og síðan lá leiðin í Miðtún – æskuheimili fararstjóra sem notað er til sumardvalar – en þar sem við komum fyrst af sumargestunum urðu allir að taka til hendinni og lagfæra borð og stóla og kveikja upp í grilli í samkomustað Miðtúnsfjölskyldunnar – hlöðunni. Er ekki að segja frá því að þarna upphófst mikil veisla með lambakjöti og sósum og salati – bjór og krydduðum vínnum, kaffi og hjónabandsælum. Við bættist að skolið var á því líkt rok af austri að ófært var til hlöðu að ganga nema bakatil og út fór enginn sem ekki vildi fjúka. Samt var lagt á klárinn og ekinn spotti niður í Nýhöfn hvar Níels Árni (fararstjóri) og Kristjana kona hans hafa byggt upp fyrrum íbúðarhús afa hans og ömmu. Rokið var slíkt að í Níelsi heyrðist lítið (hann hafði ætlað að halda verulega góða ræðu þarna á staðnum) en fólk skoðaði sig um og þótti mikið til koma (þó það nú væri). Svo var aftur haldið í hlöðuna og sopið á veigum og étið og sungið enda ekkert framundan annað en að taka hús á Hótel Norðurljósum á Raufarhöfn.

Þægilegt var að ferðast með fólkið fyrir Sléttu. Bros á öllum, söngur í hverju sæti og ófært út að stíga fyrir vindi. Allt sem fararstjóri ætlaði að segja hvarf í gleðilátum – fór margur fróðleikurinn þar fyrir lítið!

Á Hótel Norðurljósum (fyrrum síldarbraggi) var beðið eftir hópnun – hann drifinn á herbergi en síðan kom fólkið saman á barnum hvar útsýni yfir höfnina er engu lík. Hótelstjórinn, Erlingur Thoroddsen, var kallaður fram og skýrði hann frá Heimskautsgerðinu – gífurlegt mannvirki sem verið er að reisa á Melrakkasnum – og fékk undirtektir góðar og velfarnaðaróskir um áframhaldandi byggingu þess.

Gengið var til hvílu – sofið og vaknað í þungskýjuðu veðri og borðaður morgunverður kl. 09:00.

Spáð var sólskini á fjöllum uppi og ferðaplani breytt. Ekið um Raufarhöfn undir leiðsögn fararstjóra og svo tekið til dings og ekið um Hófaskarðsveg í Núpasveit og þaðan um Öxarfjörð í Kelduhverfi og upp í Hljóðkletta. Sólin elti okkur og sunnan vindurinn blés þægilega meðan hrikaleg náttúran í allri sinni dýrd var skoðuð. Snætt nesti og létt á sér í stöðluðum kömrum landvarða.

Mývatnsveit var fyrir stafni og þar skoðað eitt fallegasta safn landsins – fuglasafn Sigurgeirs á Ytri-Neslöndum. Alveg ótrúlegt hvað maðurinn gat safnað. Hann féll frá á besta aldri og í minningu hans var safnið byggt. Ytra sem innra er það öllum til sóma.

Enn var haldið áfram og er komið var upp á Mývatnsheiðina var kjallari rútnunnar opnaður og tékkað á hvort eitthvað væri að fara til spillis og því komið í lóg sem þörf var á.

Síðasti áningarstaðurinn var veitingahúsið Lamb-Inn á Öngulsstöðum í Eyjafirði. Grillað lambalæri og í eftirrétt rjómaterta á gamla mátann – lífrænn hnausþykkur rjóminn hlaðinn ávöxtum úr dós þannig að um samskeyti og sprungur lak hnausþykkur dísætur safinn. Þetta kunnum við að meta. Á eftir sýndu þau Jóhannes Geir og kona hans Ragnheiður okkur gamla Öngulstaðabæinn sem byggður hefur verið aftur og aftur á sama staðnum, lengst í aldir aftur. Þar hafa þau komið fyrir merku safni sem vert er að skoða.

Þá var nú lítið eftir annað en að aka til Akureyrar – kveðjast og kyssast að afskaplega vellukkaðri ferð lokinni kl. 21:00 á sunnudagskvöld.

Níels Árni Lund, formaður ferðanefndar 2015



Lions 100 ára

Ný skilaboð til klúbba frá Yamada alþjóðaforseta Lions

hugmyndir og athugasemdir má senda til undirritaðrar á netfangið guðrun@hraunfolk.net

Afmælisfulltrúi klúbbsins

Alþjóðaforseti minnir á að það verður ekkert almennilegt afmæli, nema klúbbar taki þátt. Óskað er eftir góðu samstafi við alla Lionsklúbba. Allir klúbbar eru vinsamlegast beðnir um að tilnefna sinn „Aldarafmælis-fulltrúa“. Hann starfar frá því núna í vor (mars 2016), til júní 2018. Hann hefur hlutverk tengiliðs við aðra þá sem vinna að afmælishaldinu og einnig til að stýra undirbúningi klúbbsins. Gott er að þessi fulltrúi sé t.d. fyrrverandi formaður eða með góða yfirsýn um starf klúbbsins.

Hugmyndir

Fljótlega verða sendar upplýsingar til allra formanna, þar sem bent er á ýmis atriði sem gott er að hafa í huga vegna afmælisins og þeir spurðir álits á ýmsum hugmyndum. Hér fyrir neðan eru kynntar nokkrar hugmyndir sem Lionsfélagar mega gjarnan hafa skoðun á, eða koma með fleiri hugmyndir. Skemmtilegt er að gera okkur virkilegan dagamun, gera eitthvað sérstakt saman, nota tilefnið til að kynna okkar góða starf og skemmtilega félagsskap.



Varanlegt og sýnilegt

Það stóra og mikilvæga eru verkefni klúbba og/eða svæða og umdæma, sem eru **varanleg og sýnileg** (Legacy verkefni). Mikilvægt að það gagnist samfélaginu, sé Lions-merkt og vel sýnilegt, endist í mörg ár, sé varanlegt.

Nokkur dæmi eru nefnd:

- 1) Bekkur, t.d. á gönguleið, í garði eða á skógarstíg.
- 2) Lions-skrúðgarður eða Lions-leikvöllur.
- 3) Lions-Bygging, t.d. skóli, spítali, bókasafn (líklega of stórt fyrir okkur).

„Legacy“ verkefni mega vera unnin á tímabilinu júlí 2014 - júní 2018. Hægt er að tilkynna í verkefnaskýrslum klúbba þau verkefni sem falla undir þessa skilgreiningu, þó þau hafi verið afhent í fyrra.

Á ferð um landið

Einhvers konar „Lionsferð“ er skipulögð í mörgum löndum, til að vekja athygli á Lions. Farið er um landið á Lions-merktu farartæki, komið við á stöðum þar sem Lions starfar og verkefni kynnt. Sem dæmi ná nefna hugmynd Norðmanna, að sigla sumarið 2017 norður með vesturströnd Noregs á Lions-merktum báti, koma við í flestum fjörðum og kynna eða vinna verkefni fyrir börn og ungmenni. Danir hugsa sér að tendra kyndil í Grænlandi í byrjun september og fara yfir vetrarmánuðina með kyndilinn um dönsku umdæmin og kynna ýmis verkefni. Sem dæmi um farartæki sem notuð verða einhvers staðar í heiminum, má nefna rútu, mótörhjól, gamla bíla, hestvagna eða hesta og fleira. Einnig eru skipulagðar ferðir með „skjólstæðingum“ þar sem m.a. fatlaðir aka í hjólastólum og blindir ganga með hvíta stafinn, eða börn og ungmenni kynna verkefni í samstarfi við Lions.

Afmælis-dagur eða -mánuðir

Klúbbar, umdæmi og lönd ákveða sjálf hvaða tími hentar þeim best. Í einhverjum löndum verður aðaláhersla á einn stóran Lionsdag með mörgum viðburðum. En fleiri virðast vilja dreifa athyglinni á lengri tíma eins og vera með Lionsferð um landið, með hápunkti á Lionsþingi um vorið. Mörg lönd gera hvort tveggja. Hvað hentar okkur á Íslandi? Sumarið er fallett og skemmtilegt, en þá vilja Lionsfélagar vera í fríi, er það ekki? og kannski landsmenn allir!

Veturinn gæti verið heppilegri, þegar Lionsstarfið er í mestum blóma. Hugmyndir hafa komið fram um að hefja Lionsferð þegar NSR er haldið á Íslandi 19.-22. janúar, 2017 og ferðast um landið fram að þinginu okkar í Reykjavík í 21.-23. apríl 2017. Gaman væri að fá viðbrögð við þessum hugmyndum.

Norræn verkefni

Á NSR, Norðurlandþingi Lions, sem var í Finnlandi í janúar s.l, var minnt á að næsta NSR, sem haldið verður á Íslandi 2017 er aldarafmælisþing og skoraði þingheimur á Íslendinga að gera eitthvað sérstakt í því tilefni. Aldarafmælisstjóri fyrir Norður Evrópu; Barbara Grewe lagði á þetta ríka áherslu og kom með tvær hugmyndir. Annað var að kynna samnorrænt verkefni, t.d. Orkester Norden. Hitt var að fá samstarfsaðila eða bakhjarla Lions á öllum Norðurlöndunum til að koma saman á sérstökum fundi tengdum NSR, afhenda gjafir eða fjárframlög til verkefna, hvert í sínu landi. Þeir Lionsfélagar sem hafa einhverjar hugmyndir eru hvattir til að koma þeim á framfæri. Aldarafmælisstjórar allra Norðurlandanna hittust nýlega og eru byrjaðir að undirbúa tillögur um viðburði á NSR á Íslandi, sem verður síðan ákveðið í samvinnu við Fjöllumdæmisstjórnir Norðurlandanna og undirbúningsnefnd NSR.



Hvar sem er þörf, þar er Lions

Slagorðið sem notað verður út júní 2018, þarf að vera stutt og þjálft, með ákveðinn hrynjanda.

Á enskunn hljómar það svona: „Where there's a need, there's a Lion“ það hefur verið þýtt á 11 opinberu tungumálin og ennþá fleiri tungumál. Það sem er í fyrirsögninni hefur verið notað hér, ásamt nokkrum öðrum útgáfum. Kallað er eftir skemmtilegu slagorði frá Lionsfélögum. Þar sem margir málamenn eru í okkar röðum, læt ég fljóta með nokkrar aðrar útgáfur. Þýska: Wann immer du hilfe brauchst, ein Lion ist zu stelle. Spænska: Donde Hay Una Nesesidad, Hay un Leon. Franska: Partout ou il y a une besoin, il y a un Lion. Ítalska: Dove c'è bisogno, Li c'e un Lion. Sænska: Varhelst det finns ett behov, finns det en Lion. Allar hugmyndir vel þegnar.

Guðrún Björt Yngvadóttir

Aldarafmælis-stjóri 2014-2018,
MD Centennial Coordinator
netfang: gudrun@hraunfolk.net



Góugleði: Lions-kvenna-hátíð

verður haldin þriðjudaginn **8. mars** og hefst kl. 19:30
í **Haukahúsinu Ásvöllum 1, Hafnarfirði**

Góugleðin er fyrir Lionskonur og allar aðrar konur.
Markmiðið er að eiga saman skemmtilega stund, kynnst
betur, styrkja vinaböndin, styrkja okkur og kynna Lions.

Létt dagskrá og léttar veitingar

- ◆ Skemmtilegur veislustjóri
- ◆ Glæsilegt tónlistaratriði
- ◆ Gómsætar veitingar
- ◆ Óvæntar upptækur
- ◆ Verð 2.500 kr.



Fleiri KONUR Í LIONS
KONUR á TOPPINN



Alþjóðadagur kvenna – International Women's Day
hefur verið haldinn hátiðlegur 8. mars ár hvert, víða um heim, í yfir 100 ár.

Ath.
Nokkrir Lionsklúbbar ætla að mæta 8. mars
og munu því sleppa hefðbundnum Lionsfundum.
Góð hugmynd!

